

Ekki í boði að gefast upp

Yrsa Sigurðardóttir,
metsöluhöfundur og verk-
fræðingur, segir að konur
ættu að varast að
ofþjónusta fólkið í
umhverfi sínu.
– sjá síðu 12



210 mannhvörf á Íslandi



Þúsundir glíma við spilavanda



Talin ýta undir uppsagnir

UPPÁHALDS

ÍSLANDSPERLUR



Helga Arnardóttir fjölmiðla-kona sér fram á skemmtilegt sumar.



1 Útilega í Ásbyrgi

Við fjölskyldan ætlum að vera dugleg að ferðast um landið í sumar. Efst á óskalistanum er að fara í tjaldútilegu í Ásbyrgi. Þar var ég einu sinni fyrir mörgum árum og hlustaði á Sigur Rós spila fyrir gesti og það var stórkostleg upplifun og mig hefur alltaf langað að koma aftur.



2 Geo Sea á Húsavík

Geo Sea á Húsavík er líka á óskalistanum, þar er frábær sjósundlaug með trylltu útsýni.

3 Bústaðaferð

Við fjölskyldan förum í bústað nálægt Jökulsárlóni í heila viku og ætlum að skoða okkur vel um á Suðurlandiinu. Dvelja í Vík í Mýrdal, skoða Reynisfjöru og ganga um Skaftafell.

4 Önnur útilega

Stefnan verður svo sett á útilegu í Hallormsstaðaskógi eða á Egilsstöðum.

5 Ferðast um Vestfirði

Við ætlum líka að dvelja einhvern tíma á Vestfirðum og ferðast um Arnarfjörðum. Fara í dásamlegu sundlauginu í Reykjadal, skoða húsið hans Gísla í Uppsölum og Listasafn Samúels í Selárdal.

Svikarinn í svítunni

Góðlátlegt grín er vanmetin, ódýr afþreying að mínu mati. Að því sögðu er vinnustaðargrínarinn alltaf góð týpa. Ég tók það einu sinni að mér, með misjöfnum árangri þó. Ég var um tíma með sjóð sem ég lagði inn á fasta upphæð í mánuði til að eiga alltaf smá pening ef grínið þarfnaðist fjárútláta. Eitt skiptið bókaði ég auglýsingapláss undir plat-snyrtivöruauglýsingu sem ég lét hana með mynd af samstarfsmanni mínum. Auglýsingasöluþinginn fannst hún svo myndin að ég þurfti ekki að borga birtinguna. Peningarnir komu þó að góðum notum þegar ég þurfti að kaupa „fyrirgefðu“ kökuna eftir að samstarfsmanni mínum fannst grínið ekkert spes.

Árið á eftir fannst mér skopskyn mitt vera orðið mun fagaðra.

Nú myndi þetta hitta í mark.

Annar samstarfsmaður minn sem hafði leikið mig grátt var á leið í vinnuferð til Bandaríkjanna. Þá datt mér það snjallræði í hug að hringja á undan honum og lýsa fyrir hótélstarfsmanninum að þessi umræddi maður væri með hvítleiðan sjúkdóm sem fæli í sér að fjarlægja þyrfti öll handklæði, lök, rúmföt og sloppa sem í herberginu væru.

„He has a terrible skin condition,“ sagði ég með þykku íslenskum hreim. „Terrible!“

Ég tjáði liðlega hótélstarfsmanninum að minn maður kæmi því með allt lín með sér.

„En hræðilegt,“ svaraði hótélstarfsmaðurinn og bætti svo við: „Vill hann kannski sérstaka aðstoð við að koma sér inn á herbergið?“

Það vildi ég endilega og það um að dregið yrði fyrir alla glugga ef hann gæti ekki fengið gluggalaust herbergi.

Ég hló alla leiðina heim úr vinnunni.



MYND/GETTY

„He has a terrible skin condition.“

Þangað til ég fékk email.

Með mynd.

„Það var einhver misskilningur og það gleymdist að búa um mig. Fékk því uppfærslu á svítu. Takk! Kv. Frikki.“

Hvað næst, hænsnastígar?

SVART HÖFÐI

Hversu hallærislegar og bjánalegar þurfa ákvarðanir borgarstjórnar að vera til þess að jafnvel lögreglan hundsí þær með öllu? Þessu var svarað á dögunum þegar fulltrúi lögreglunnar á samfélagsmiðlinum Twitter sagði lögreglu ekki sekta öikumenn sem ækju eftir nýjustu göngugötum miðborgarinnar. Svarhöfði skildi þessa ákvörðun lögreglu vel. Fyrir það fyrsta hefur Laugavegur í gegnum áratuginu verið tengdur við einkabílinn. Hver hefur ekki farið á rúntinn, eða með öðrum orðum tekið einn Laugara, svona til að kíkja á mannlífið, án þess þó að hætta sér of nærri því?

Nú á að helga þessa götu litríkum túristum sem skíta

á víðavangi, völtum ungmennum sem hafa fengið sér of mikið í tána, og svo lögreglumönnum á hjólum að vandræðast við að sinna fjölda útkalla á knæpum við göngugötur. Þetta náttúrulega gengur ekki. Enginn það um þessar breytingar nema einhverjir fáeinir blómamaðandi hipsterar sem borða bara lífrænan vegan mat og hreykja sér af því að hjóla í vinnuna.

Ísland er land einkabílsins, og land séreignastefnunnar. Svona er þetta, hefur verið og svona viljum við hafa það. Hvergi var það skrifað á kosningaloforðalista Samfylkingarinnar að eina hverfið sem ætti einhverju máli að skipta væri miðbergin og þangað ætti helst enginn að komast nema latte-lepjandi hipsterarnir sem búa þar fyrir, eða fuglinn fljúgandi. Það er varla að

maður nenni að standa í því að fara inn í borgina núorðið. Enda lítið annað þar að gera en að standa í röð með ókunnugu fólki sem vill spjalla. Galið!

Í fyrsta lagi er vonlaust að finna stæði. Fyrir stæðin þarf að borga. Jafnvel bílastæðahúsin sem áttu að vera svo frábær og leysa allan heimins vanda rukka milljón og tvær fyrir hverja sekúndu sem þú leggur bílnum þar. Síðan er það blessuð umferðin. En umferðin veit vart sjálf hvar hún getur verið. Götum er lokað og hjáleidir merktar, stefnum í götum breytt fyrirvaralaust og svo er götum, sem samkvæmt gömlum íslenskum hefðum er hægt að aka niður, skyndilega lokað og læst. Hver drepur rúntinn? Eina vinsælustu afþreyingu Íslendinga?

Svo má nefna þennan hund-

leiðinlega hávaða í endalausum framkvæmdum við byggingaskrímslin sem loka fyrir sjávarútsýnið. Blessuðu Bæjarins bestu eru nú umluktar nýstárlegum byggingum sem eiga álíka vel við gamla stílinn í miðbænum og olía á við vatn.

Og aftur að þessum blessuðu göngugötum. Er ekki frekar tilgangslaus að ætla að hafa göngugötu á verslunarvegi þar sem svo hefur verið þrengt að verslunum og þjónustu að fyrirtækin treysta sér vart til að starfa áfram? Nema göngugötur séu algjörlega ætlaðar fyrir lundabúdir, túrista, hjólavíðgerðarsjoppur og kaffihús fyrir listaspírurnar með sínar moltutunnur og hænsnablæti sem eru búnar að leggja undir sig miðborgina. Hvað næst, hænsnastígar? ■

POTTURINN STEFNIR Í

70

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Kristín Avon opnar sig frekar um faðerni dóttur sinnar Áhrifa-valdurinn Kristín Avon opnaði sig um erfiðleikana eftir að í ljós kom að dóttir hennar var rangfeðruð.

2 Eiginkona lögregluþjónsins sækir um skilnað vegna málsins Eiginkona lögreglumannsins Dereks Chauvin, sem olli dauða George Floyd, hefur sótt um skilnað vegna málsins. Floyd var svartur maður og þykir málið varpa ljósi á djúpstæða kynþáttafordóma lögreglunnar í Bandaríkjunum.

3 „Blóð út um allt“ – Lögregla og sjúkralið á Grensásvegi vegna slagsmála Slagsmál brutust út á Benzin café á Grensásvegi.

4 Una Raket verður fyrir aðkasti vegna holdafars síns Una Raket Hafliðadóttir verður fyrir fordómum vegna vaxtarlags síns, en hún fær oft að heyra að hún sé horregla og tannstöngull.

5 Fyrirverandi vændiskona afhjúpar merki þess að makinn sé að halda framhjá Meðal annars ef karlmaður kemur heim með blautt hár eða fer að tala mikið um hvað framhjáhald sé slæmt, þá gæti hann verið að halda framhjá.

6 Vikan á Instagram: „Þetta snýst allt um sjónarhorn“ Vikan á Instagram er fastur liður á mánu-dagsmorgnum hjá dv.is og nýtur mikilla vinsælda.

7 Stórt kýli í hálsi Hörpu varð til þess að hún leitaði til læknis: „Allt lífið gjörbreyttist“ Harpa Karen Antonisdóttir, leikmaður Hauka í knattspyrnu, hefur barist við krabba-mein í vetur.

8 Guðrún tók gamalt fellihýsi í gegn með glæsilegri útkomu Guðrún Björg Björnsdóttir gaf fellihýsi nýtt líf með einföldum breytingum.

9 Eitt efnilegasta listafólk landsins á lausu – Högni og Snæfríður hætt saman Snæfríður Ingvarsdóttir leikkona og Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, eru hætt saman.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Bandaríkin loga vegna andláts Floyds

George Floyd, svartur karlmaður, lét lífið eftir afskipti hvíttra lögregluþjóna í Minneapolis í Bandaríkjunum. Málið hefur vakið mikla reiði þar sem George reyndi ítrekað að greina frá því að hann gæti ekki andað þar sem lögregluþjónn kraup á hálsi hans. Þykir þetta gott dæmi um kynþáttafordóma lögreglunnar sem gengur oft harðar fram gegn svörtum einstaklingum en hvítum. Um öll Bandaríkin er nú mótmælt vegna málsins og hafa miklar óeirðir brotist út þar sem bæði almennir borgarar og lögreglumenn hafa slasast, jafnvel látið lífið. Samstöðumótmæli voru haldin hér á landi á Austurvelli á miðvikudag. Herlögregla hefur verið virkjuð víða um Bandaríkin og útgöngubann er í gildi í Minneapolis.

Skyld að endurgreiða pakkaferðir

Evrópusambandið hefur hafnað hugmyndum um að heimila ferðaskrifstofum að afhenda viðskiptavinum inneignarnótur vegna pakkaferða sem féllu niður vegna kórónuveirufaraldursins. Viðskiptavinir eigi rétt á því að fá endurgreitt. Ríkisstjórnin hefur unnið að löggjöf sem heimila átti ferðaskrifstofum að gefa viðskiptavinum inneignarnótur í stað endurgreiðslu í þeim tilgangi að styrkja starfsemi ferðaskrifstofa sem margar standa höllum fæti sökum aflýsinga á pakkaferðum. Neytendasamtökin hafa mótmælt þessum fyrirætlunum og telja þau ekki standast evrópska neytendalöggjöf.

Guðna spáð sigri

Guðni Th. Jóhannesson mælist með yfir 90 prósentu fylgi fyrir forsetakosningarnar á meðan mótframboð Guðmundar Franklín Jónssonar mælist aðeins með 9,6 prósent. Þetta kom fram í Þjóðarpól Gallup.

Nýjar vendingar í máli Madeleine McCann

Þýska yfirvöld eru að rannsaka 43 ára kynferðisbrota-mann í tengslum við hvarf Madeleine McCann sem hvarf af hótélherbergi í Portúgal fyrir þrettán árum. Maðurinn bjó í Portúgal þegar stúlkan hvarf og hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Þýski lögreglu-maðurinn Hoppe greindi frá því í sakamálaþætti í þýska sjónvarpinu á miðvikudag að allar líkur væru á því að Madeleine litla hafi verið myrt. Foreldrar stúlkunnar hafa allar götur frá hvarfi hennar haldið í vonina um að hún kæmi í leitirnar á lífi.



Rúrik má ekki vinna

Rúrik Gíslason, leikmaður Sandhausen, má hvorki mæta til vinnu né tjá sig um ástæðu þess. Frá þessu greindi Hjörvar Hafliðason í vikunni. Málið mun snúast um lækku launa vegna COVID-19 sem hafi valdið deilum milli Rúriks og Sandhausen.



Lilja braut lög

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, braut jafnréttislag þegar hún skipaði Pál Magnússon sem ráðuneytisstjóra. Annar umsækjandi, kona, hafi staðið Páli frammar og miklir annmarkar voru á málsmeðferð og ákvarðanatöku ráðuneytisins við ráðninguna. Páll er flokksbróðir Lilju og hefur málið vakið töluverða reiði þar sem mörgum þykir ljóst að um frændhygli sé að ræða.



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS
1one®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



EVY
TECHNOLOGY

UVA

5 stjörnur



**ALLT AÐ 6 TÍMA
SÓLARVÖRN**

**beauty
shortlist
AWARDS
2018**

WINNER



www.bast-i-test.se/solkram

ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er
læknisfræðilega skráð**



210 MANNS HORFNIR

Mannshvarf er skilgreint sem atvik þar sem einstaklingur hverfur, með óútskýrðum hætti.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Lögreglan fær reglulega tilkynningar um horfna einstaklinga. Þegar lögreglan hefur eftirgrennslan að þessum einstaklingum koma þeir yfirleitt í leitirnar einum til tveimur sólarhringum eftir að tilkynning berst. Í einhverjum tilfellum ber eftirgrennslan ekki árangur.

Aðstoð frá björgunarsveitum

Runólfur Þórhallsson, formaður kennslanefndar og aðstoðardeildarstjóri í greiningardeild ríkislögreglustjóra, segir að þegar lögreglu berst tilkynning um mannshvarf hefjist rannsókn, sem er á forræði lögreglustjóra þess umdæmis sem fær tilkynninguna.

„Aðstæður geta auðvitað verið mjög mismunandi en í upphafi hvers máls er unnið með þær vísbendingar sem berast og eins stundar lögreglan sjálfstæða upplýsingaöflun. Íðulega er leitað aðstoðar björgunarsveita sem bætast þá við mannafla lögreglu og hafa björgunarsveitarmenn í gegnum árin aflað sér bæði mikillar reynslu við leit að týndu fólki, og eins menntað sig á því sviði. Á þessu stigi

málsins kemur kennslanefndin ekki að rannsóknum mála, nema þá til að veita upplýsingar og ráðleggingar um framvindu hvers máls fyrir sig hvað varðar staðfest kennsl,“ segir Runólfur.


Tannlæknar og DNA-sérfræðingar

„Eitt af því sem lögreglan gerir í mannshvarfsmálum er að fylla út samræmt, alþjóðlegt form sem er útbúið af Interpol. Það er gert því sum mannshvarfsmál teygja anga sína til annarra landa. Eyðublaðið er mjög ítarlegt og markmiðið er að safna sem bestum upplýsingum. Það er þá fyrst sem kennslanefnd ríkislögreglustjóra kemur sem stöðdeild inn í rannsókn lögreglu.

Þegar líkamsleifar finnast aðstoðar kennslanefnd lögregluembættin við að rannsaka það sem finnst, með það að markmiði að staðfesta kennsl viðkomandi. Innan kennslanefndarinnar eru réttarlæknir, tannlæknar og DNA-sérfræðingar og sérfræðikunnátta þessara aðila nýtist vel við þessar rannsóknir,“ segir Runólfur.

Elsta málið á skrá frá 1930

Runólfur segir að eitt af verkefnum kennslanefndarinnar sé að halda utan um svokallaða horfinnamannaskrá.



Gjarnan er leitað að týndu fólki í hrauni og gjótum. Til að mynda var snemma leitað að Guðmundi Einarssyni, sem Guðmundar- og Geirfinnsmálið var kennt við, í gjótu í Hafnarfjarðarhrauni. MYND/EYÞÓR

„Í dag eru 210 nöfn á þeirri skrá. Elsta málið á þeirri skrá er frá 1930. Sökum þess að staðfestar upplýsingar og rannsóknargögn liggja ekki fyrir í öllum eldri mannshvarfsmálum, má álykta sem svo að málin séu mun fleiri, ef horft er til árána fyrir 1930. Öllum þessum málum er haldið opnum, því undanfarin ár hafa komið upp mál þar sem hægt hefur verið að loka gömlum málum með DNA-rannsókn og veita fjöl-

skyldum kærkomnar staðfestar upplýsingar. Auk þessarar skrár um mannshvorf á Íslandi er kennslanefndin með upplýsingar um 10 einstaklinga sem hafa horfið erlendis og erlend lögreglu-yfirvöld stjórnað rannsókn á. Elsta málið þar er einnig frá 1930,“ segir hann.

Ástæður hvarfa misjafnar

Ástæður mannshvarfa eru misjafnar. Þau getur borið að þannig að einstaklingur

lætur sig hverfa, í lengri eða skemmri tíma. Þau geta einnig komið til vegna slysa eða sjálfsvíga og verða þau þá með þeim hætti að einstaklingur fellur í sjó, vatn eða gjótu. Þá geta mannshvorf einnig stafað af mannavöldum og hafa að minnsta kosti fimm óupplýst mannshvorf verið rannsökuð sem manndrapsmál á Íslandi.

Framhald á síðu 8 ➤

Sean Bradley

Fréttablaðið greindi frá því 1. maí síðastliðinn að fiðluleikarinn Sean Bradley hefði horfið sumarið 2018. Hann hafði spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands í áratugi, ásamt því að kenna við Tónlistarskólann í Hafnarfirði um árabíl.

Hvarf Seans bar til með vægast sagt dularfullum hætti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði hann mælt sér mót við vinkonu sína í júní 2018. Þau ætluðu að keyra saman til Reykjavíkur og fara í kirkju. Hann mætti hins vegar ekki og þrátt fyrir ítrekuð símtöl náði hún ekki í hann. Ekkert spurðist til hans

um tíma og kom sonur hans meðal annars til Íslands til að heimsækja hann. Sonurinn fann hins vegar föður sinn hvergi. Sean sagði síðan við vini sína á samfélagsmiðlum að hann væri kominn til Spánar. „Það fannst okkur öllum mjög skrytið því hann var ekki fyrir að fljúga. Hann vildi helst ekki fara upp í flugvél,“ segir vinkonan. Sean er að sögn vina það flughræddur að það hafi haldið honum frá því að heimsækja fjölskyldu sína á Bretlandseyjum. Sean er með gigt og hreyfiskertur sökum þess. Hann gat einungis gengið stuttar vegalengdir án

„Hann vildi helst ekki fara upp í flugvél.“

stuðnings. „Svo hvarf hann bara af Facebook og við höfum ekki heyrt neitt,“ segir hún. Rannsókn á hvarfi hans stendur enn yfir.

Dularfullt hvarf fiðluleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lögreglan á Suðurlandi vinnur að hvarfi Seans Bradley, en ekkert hefur til hans spurst frá miðju árinu 2018. Sean er Íslendingur og lék í nærri tvo áratugi með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Oddur Arnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi og stjórnandi rannsóknarinnar, segir hvarfið sérkennilegt.

LÖGREGLUMÁL Íslendingurinn Sean Aloysius Marius Bradley, 63 ára fyrrverandi fiðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands til margra ára, hefur verið saknað í meira en eitt og hálft ár. Lögreglan á Suðurlandi lýsti eftir Sean 23. mars við afhöfn bæði í Berlendis og hjá Interpol en ekkert hefur spurst til hans. Fjölskylda Seans er búsett í Bretlandi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það vinir hans á Íslandi sem hótuðu fjölskylduna til að láta ljá eftir honum.

Hann hafði verið í samskiptum við vini sína í Berlendis á samfélagsmiðlum og sagt þeim að hann hefði farið til Spánar með íslensku vinkonu síni. Þá sem þekktu hann í Berlendis fór hins vegar að gruna að einhver annar væri að eiga samskipti við þá undir hans nafni. Oddur Arnason, yfirlögregluþjónn hjá lögreglu á Suðurlandi, segir lögregluna ekki geta staðfest að Sean hafi farið til Spánar. Hann átti bókabó flug í titelna vel til Spánar og flugsætið var notað en



Sean Bradley.

af þeirra sögn var hann mjög flughræddur. Aðspurður hvort það hefði ekki skrytið að flughræddur maður fari skyndilega með flugi ár landi, segir Oddur málið í heild sinni vera skrytið. „Hann hafði verið í sambandi við einstaklinga hér heima og þetta virðist hafa verið mikil skyndiákvörðun að fara, ef hann hefur farið. Mér finnst málið bara allt skrytið. Ekkert þetta eitthvað umfram annað,“ segir Oddur.

—OHJ/ÁJA SÍÐU 6

LAGERSALA



VÍKURHVARF 2

AFSLÁTTUR **30-70%**

HVENÆR: **4-7 JÚNÍ**

OPNUNARTÍMI

4.-5. JÚNÍ **11-18**

6.-7. JÚNÍ **12-17**



speedo ➤

CAMELBAK

XHOUDINI

CONVERSE ➤



HVERSLUN



westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Bíla naust
Á FULLRI FERÐ

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is

Framhald af síðu 6



Pabbi Birgittu

Pann 23. janúar á þessu ári greindi lögreglan frá því að tekist hefði að bera kennsl á höfuðkúpu Jóns Ólafssonar, sem hvarf á aðfangadag árið 1987. Talið var að hann hefði fallið í Sogið. Höfuðkúpan fannst svo þann 3. október 1994, en ekki var hægt að bera kennsl á hana fyrr en nú. Jón var faðir Birgittu Jónsdóttur, skálds og fyrrverandi kapteins Pírata. „Það er rosalega mikill léttir að fá að loka þessu, grafa hann og einhvern veginn fá fullkomna staðfestingu á því að hann sé í raun og veru dáinn. Þó svo að maður viti það á einhverju leveli, að þá er það ekki alveg raunverulegt þangað til maður fær líkamlega staðfestingu,“ sagði Birgitta í samtali við Fréttablaðið.

Báru kennsl á höfuðkúpu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurlandi hefur borið kennsl á höfuðkúpu sem fannst haustið 1994 við Ölfusá. Um er að ræða höfuðkúpu Jóns Ólafssonar sem talinn er hafa fallið í Sogið á aðfangadag 1987.

Í fyrra var tekið DNA-sýni úr höfuðkúpunni og það sent til Svipjóðar þar sem sýnið var borið saman við aðstandendur þeirra sem taldir eru hafa horfið í umdæminu á liðnum árum.

Dóttir Jóns, Birgitta Jónsdóttir fyrrverandi þingmaður, segir það gríðarlegan létti að loksins hafi tekist að bera kennsl á jarðneskar leifar föður hennar.

„Við systkinin erum bara rosa-lega þakklát,“ segir Birgitta. Nánar er rætt við Birgittu á fréttablaðið. is. — boþa

FRÉTTABLAÐIÐ 24. JANÚAR 2020

Víðtæk leit að tveimur fjórtán ára piltum úr Keflavík

Saknað í sólarhring



Hljómunarsveitamein leita í Keflavíkurbíða.

Schott. VÍÐTÆK leit hófst að tveimur 14 ára piltum úr Keflavík í gær. Leitni hafði ekki borið árangur um miðnætti. Leitni hljómunarsveitarmen strandvegna frá Garði að Vogum við Vatnsléysustíð. Síðast er vitað um ferðir piltanna svo ótrúlegt að talið um kl. 16 á miðvikudaginn í vespáttíð Jóns og skýp við Víkurbrant í Keflavík sem er steinsnar frá heimili þeirra. Piltarnir heita Óskar Halldórsson og Júlíus Karlsson, þeir stunda skóla í Sandgerði og hafa leynari þeirra ekki þeim heim að loknum skóladegi á miðvikudaginn.

Piltarnir eru nágrannar og hafa til Júlíusar. Þegar þeir skilabú sér Óskar ferðir að heiman skóla og ekki þeim á öflugum tíma um eftir að hana kom úr skólanum eða kvöldið hófa ferðirnar sambært um kl. 15:30 og sagst atla að fara við lögregluna í Keflavík. Hóf lög-

reglan þá þegar að svipast um eftir piltum áttir ferðirna þeirra. Í gær þegar ekkert hafði spurt til ferða piltanna í um sáttarþing var ákveðið að Jóns og þeim og heita víðtæka leit. Allar hljómunarsveitirnar á Suðurlandi fóku þátt í leitinni. Kafaður reyndu að kafa á öðrum stöðum en urðu frá að hverfa vegna sjúkrakulda og

Júlíus Karlsson er 14 ára, 1,67 m að hæð, grannsvakinn og raubærur með stítt háir og stítt háir sem nær niður að eyrum. Hann er kladdur í dökkbláan kuldagalla með hvíta þrjústífu með grænum stáfum. Óskar Halldórsson er 13 ára, 1,50 m að hæð, grannur með blóst og stítt háir sem nær niður að eyrum. Hann er kladdur í bláan Kraft-kuldagalla og bláa stríga-ska.

Íslögs skyggis en hitastig stjavar var um eða rétt undir frostmarki. Þá var sportshundur einnig notaður við leitina.

-BB

MORGUNBLAÐIÐ 28. JANÚAR 1994

Júlíus Karlsson og Óskar Halldórsson

Tveir unglingspiltar, 13 og 14 ára, hurfu frá Keflavík 26. janúar árið 1994. Þeir Júlíus Karlsson og Óskar Halldórsson skruppu út og sáust aldrei aftur. Lögreglan rannsakaði málið af miklum krafti en þeir fundust aldrei. Vísbendingar bárust um hvar þá væri að finna, meðal

annars voru þeir sagðir hafa sést á Suðurlandi og í bænum. Sporhundur leitaði þeirra og endaði slóðin alltaf við olíutanka niðri við sjó. Miklar kjaftasögur spruttu upp um hvarf þeirra, en þrátt fyrir mikla leit hefur aldrei komið í ljós hvað varð um þá.

Dularfullt mannhvarf

Ekkert hefur spurst til hins 22 ára gamla Matthíasar Þórarínssonar í nokkrar vikur. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti eftir honum á mánudaginn. Matthías er um 180 sentimetrar á hæð og ljósskolhærður. Hann hefur til umræða grænan svokallaðan rússajappa sem búið er að innrétta sem húsbíl og telur lögreglan að hann ferðist um á honum. DV bárust upplýsingar um það á þriðjudaginn, frá aðstandanda Matthíasar, að bíll hans væri fundinn og að hann hefði að öllum líkindum ekki ferðir á honum. Það reyndist þó á misskilningi byggt. Samkvæmt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fannst bíll, svipaður Matthíasar, í hrauni á Suðurlandi á mánudaginn, og í fyrstu var talið að um bíll hans væri að ræða. Við nánari athugun kom þó í ljós að svo var ekki, en búið var að fjarlægja númeraplötur af bílnum. Lögreglan gengur því ennþá út frá því að Matthías ferðist um á bílnum.

Síðast spurðist til Matthíasar á Selfossi, þar sem hann býr, rétt fyrir jól. Þá hafa lögreglunni borist ábendingar um að hann hafi sést í Bónus á Selfossi fyrir nokkrum dögum. Verið er að kanna þær ábendingar og skoða upptökur úr öryggismyndavélum.

Matthías hefur alltaf látið fjölskyldu sína reglulega vita af sér og ferðum sínum en hætti því fyrir nokkrum vikum. Jáfnvel var talið mögulegt að hann hafi ráðið sig í vinnu á einhverjum sveitabænum



Matthías Þórarínsson Bíllsvipaður og Matthías hefur til umræða. www.rv.is

og því var ekki ljóst eftir honum fyr. Engar haldþærar vísbendingar hafa þó borist um það. Þó er talið líklegt að Matthías haldi til einhvers staðar á Suðurlandi.

Þeir sem hafa upplýsingar um ferðir Matthíasar eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1000.

solun@dv.is

DV 12. JANÚAR 2011

Matthías Þórarínsson

Matthías Þórarínsson hvarf rétt fyrir jól 2010. Matthías var lýst sem sérlunduðum einfara sem bjó í gömlum Rússajappa. Jeppinn fannst í janúar 2011, brunninn, skammt frá malarnámum á Kjalarnesi. Matthías var ekki í bílnum og engar vísbendingar að finna. Móðir hans, Þórgunnur Jónsdóttir, hefur ekki misst trúna á að hann skili sér. Hún segir erfitt að vita af hverju hann fór, en hefur enga trú á að

hann hafi viljað binda enda á líf sitt. „Þetta hefur verið erfitt en ég veit að hann kemur,“ segir Þórgunnur og lýsir syni sínum sem skemmtilegum. Hún segir samband þeirra hafa verið afar gott, en hún var nýflutt á Kjalarnes þegar Matthías hvarf. Hann bjó í Rússajappanum fyrir utan. Samkvæmt lögum er Matthías talinn af í dag, þar sem meira en þrjú ár eru liðin frá hvarfi hans.

Nöfn nokkurra sem hafa horfið á síðustu áratugum:

- Guðmundur Einarsson, horfinn 27. janúar 1974, sást síðast fyrir utan Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Hvarf Guðmundar var talið hafa borið að með saknæmum hætti, fimm menn voru dæmdir fyrir að hafa bannað Guðmundi, árið 1980. Mennirnir voru dæmdir að ósekju og málið því tekið upp mörgum árum seinna og fimmmenningarnir hreinsaðir af fyrri dómum.
- Bjarni Matthías Sigurðsson, 79 ára trésmiður, hvarf 25. ágúst 1974, er hann var í berjamó skammt frá Hólalóhólum á Snæfellsnesi með dóttur sinni og tengdasyni. Hann fór á undan samferðafólki sínu í átt að bíl þeirra sem lagt var skammt frá þjóðvegnum, en var hvergi sjáanlegur þegar þau komu um 15 mínútum seinna. Sporhundur rakti slóð Bjarna frá þeim stað er þau höfðu lagt bifreið sinni og upp á aðalveginn. Hrúga af berjum fannst við vegarkant skammt frá þeim stað þar sem Bjarni sást síðast.
- Geirfinnur Einarsson, horfinn 19. nóvember 1974. Sást síðast fara á fund við ókunnugan mann frá

heimili sínu í Keflavík. Fundurinn var talinn tengjast spíraviðskiptum, fimm menn voru dæmdir fyrir að hafa banað Geirfinni, árið 1980. Mennirnir voru dæmdir að ósekju og málið var tekið upp mörgum árum seinna og þeir hreinsaðir af fyrri dómum. Þrátt fyrir sama föðurnafn voru þeir Geirfinnur og Guðmundur ekki skyldir, en gjarnan er talað um mál þeirra saman sem Guðmundar- og Geirfinns málið.

- Sigurður Þórir Ágústsson, horfinn 5. febrúar 1975, sást síðast fyrir utan vita á Reykjanesi.
- Sturla Valgarðsson, horfinn 29. maí 1977. Sást síðast á Blönduósi.
- Valgeir Víðisson, horfinn 19. júní 1994. Sterkur grunur var um að honum hefði verið ráðinn bani þá um nóttina.
- Hörður Björnsson, horfinn 14. október 2015. Sást síðast á Laugarásvegi og var 25 ára þegar hann hvarf.

3M**PELTOR™**

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint tækni. Þráðlaus tenging við 2 Bluetooth tæki, FM útvarp og umhverfishljóðnemi.

Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi.

ALLAR STILLINGAR Í SÍMANUM

Í þessari nýjustu útgáfu af Peltor WS Alert XPI getur þú breytt stillingum með smáforriti í annaðhvort Android eða iOS snjalltækjum.

Nýttu þér QR kóðana hér að neðan til að ná í 3M™ Equipment smáforritið fyrir þitt snjalltæki.



Equipment



iOS



Android



ÞÚSUNDIR GLÍMA VIÐ ALVARLEGAN SPILAVANDA

Spilakassar er sú tegund fjárhættuspila sem flestir spilafíklar ánetjast. Hvorki Rauði krossinn né Slysavarnafélagið Landsbjörg hyggjast hætta aðkomu sinni að Íslandsspilum sem reka fjölda spilakassa. Formaður SÁA telur að rekstri spilakassa verði brátt sjálfhætt því öll spilun sé á leið á netið.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Spilakassar eru það fjárhættuspil sem er mest ávanabindandi, þrisvar til fjórum sinnum meira ávanabindandi en til að mynda póker og íþróttaveðmál,“ segir Alma Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn.

Frekar í góðgerðarstarf en til einkaaðila

Spilakassar hér á landi eru reknir af tveimur aðilum; Íslandsspilum og Happsdrætti Háskóla Íslands. Íslandsspil eru í eigu Rauða kross Íslands (64%), Slysavarnafélagsins Landsbjargar (26,5%) og SÁA (9,5%). Öllum spilakössunum var lokað þann 20. mars vegna COVID-19 en byrjað var að opna kassa aftur snemma í maí. Íslandsspil og HHÍ hafa leyfi til rekstursins frá dómsmálaráðuneytinu. Ýmsir hafa bent á að þetta sé aðferð stjórnvalda til að tryggja framgang þeirra verkefna sem eigendur Íslandsspila starfa að og betur fari á því að ágóði af rekstri spilakassa renni til góðgerðarmála en einkaaðila.

Spilafíklar voru meira með fjölskyldunni

„Við fengum símtöl frá fjölda aðstandenda og ættingja spilafíkla sem urðu fyrir miklum vonbrigðum þegar spilakassarnir voru opnaðir aftur. Það var áberandi hversu miklar breytingar urðu á lífi fjölda spilafíkla meðan kassarnir voru lokaðir. Ættingjar sögðu þá eyða meiri tíma með fjölskyldunni og vinnuveitendur sögðu spilafíkla bæði mæta betur í vinnuna og biðja síður um að fá launin fyrirfram. Nú dugðu þau bara út mánuðinn þegar ekki var verið að eyða þeim í spilakassana,“ segir Alma.

Tæp 86% svarenda vilja að spilakassar og spilasalir verði lokaðir til frambúðar, samkvæmt niðurstöðu könnunar sem Gallup gerði fyrir Samtök áhugamanna um spilafíkn, SÁS. Niðurstöður könnunarinnar sýna að flestir nota spilakassa sjaldan og aðens 0,3% nota þá að staðaldri.

ASÍ styður baráttu gegn spilakössum

ASÍ er meðal þeirra sem hafa tekið undir baráttu Samtaka áhugafólks um spilafíkn og eftir að niðurstöður könnunarinnar voru kynntar sendi ASÍ

frá sér yfirlýsingu þar sem sagði meðal annars:

„Þeir (spilakassarnir) eru í raun keyrðir áfram af þeim sem eiga við spilafíkn að stríða með öllum þeim vanda sem fylgir, félagslega og fjárhagslega. Það er því samfélagslega mikilvægt að taka á málinu og samkvæmt fyrrnefndri skoðanakönnun er þjóðin sammála því.

Spilafíkn er erfiður sjúkdómur sem kemur hart niður á lífsgæðum þeirra sem haldnir eru fíkninni og fjölskyldum þeirra. Alþýðusamband Íslands stendur með Samtökum áhugafólks um spilafíkn í baráttu þeirra gegn spilakössunum.“

Sækja í spilakassana

Hátt í 700 Íslendingar eru hugsanlegir spilafíklar en tæplega sex þúsund manns eiga við verulegan spilavanda að stríða. Þetta kemur fram í könnun sem Daníel Þór Ólason, prófessor í sálfræði, gerði fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2017 en hann hefur rannsakað spilafíkn um árabil. Þetta er nýjasta íslenska könnunin á þessu sviði. Niðurstöður Daníels benda til að 3,5% karla og 1,1% kvenna eigi við spilavanda að stríða, flestir séu aðeins með grunn-



Hátt í 700 Íslendingar eru hugsanlega spilafíklar en tæplega sex þúsund glíma við verulegan spilavanda.

Þetta er mjög mikilvæg fjárfloflun fyrir félagið.

skólapróf, lágar tekjur og á aldrinum 18-25 ára. Spilakassar er sú tegund peningaspila sem flestir í þessum hópi spila.

Leita til stjórnvalda

Landsbjörg hefur það ekki á dagskrá að gefa frá sér aðild sína að Íslandsspilum og segir Þór Þorsteinsson, formaður Landsbjargar, að þau muni áfram vinna að ábyrgri spilun á þeim vettvangi með öðrum eigendum.

Hann bendir á að Íslandsspil hafi margoft hafið máls á því við stjórnvöld með hvaða hætti hægt sé að gera spilun á Íslandi ábyrgari en til þess að af slíku geti orðið þurfi stjórnvöld að sjá um þá framkvæmd. Talið er að margir milljarðar

króna renni úr landi á ári hverju í gegnum netspilun og telur Þór að lokun spilakassa á Íslandi myndi eingöngu auka netspilun.

Bann læknar ekki fíknina

Þór segir að Samtök áhugafólks um spilafíkn vinni að göfugum markmiðum af hugsjón og því beri að fagna. „Saman ættum við að geta þrýst harðar á að spilun á Íslandi verði gerð ábyrgari með leiðum sem þegar hafa gefið góða raun á öðrum Norðurlöndum. Hins vegar er allur málflutningur þeirra um að verið sé að fórnar fólk með spilafíkn fyrir skjólstæðinga eigenda Íslandsspila ákaflega ómaklegur. Slæmur fyrir sjálfboðaliða samtakanna og



MYND/ANTON BRINK



MYND/GETTY

FRÁSÖGN SPILAFÍKILS

„Mín saga er löng í þessu máli og ég hef reyndar upplifað mikla niðurlægingu af minni eigin hendi í sambandi við þetta,“ segir fertugur spilafíkill sem kys að koma ekki fram undir nafni. Hann segist hafa barist við spilafíkn í áratugi.

„Stundum skaut ég í hádegismat en kom til baka tveimur tímum seinna. Ég hafði ekkert borðað en var kannski búinn að eyða hálfum mánaðarlauninum í kassa. En þessi saga er dæmigerð fyrir alla sem eru í þessum litla hópi sem stendur undir öllu þessu batterí,“ segir hann og vísar í rekstur spilakassa á Íslandi.

„Hörmungarnar mínar eru ekki svo miklar því ég þurfti ekki að fela þetta fyrir fjölskyldunni. Aftur á móti á ég sögu af stórum vinningi og tryllingnum sem því fylgdi, stjórnlaus spilamennska og gegndarlaus kókaínneysla. Spilafíknin og kókaínið eru held ég að vinna á svipuðum slóðum í hausnum. En ég upplifði þá merkilegt moment þegar tveir lykilkættir í lífinu voru ekki lengur til staðar, það er tími og verðmæti. Það er ótrúlega góð tilfinning og mikið frelsi. Fimm og tíu þúsund kallarnir urðu að leikpeningum og tími var ekki til. En svo fékk ég nóg af þessu og ætlaði að reyna að stoppa en fór þá að spila á netinu, nokkuð sem ég hafði aldrei viljað gera. En ég held að ég hafi tapað 8 milljónum að lágmarki á ca 4 mánuðum en mér var svo sem andskotans sama.“

Hann segir að í einni tilraun sinni til að losna undan spilafíkninni hafi hann ákveðið að fara eins langt frá kössunum og mögulegt var. „Það varð til þess að ég fór til útlanda. Ég gat ekki spilað á netinu þar því ég varð að vera með þarlenda kennitölu til þess sem er frekar auðvelt að fá en ég sleppti því til að búa ekki til freistingar.“

Eftir rúmt ár erlendis gafst hann upp á fjarlægðinni frá fólkinu sínu og kom aftur heim. „Ég verð að standa mig gagnvart þessu því

þetta er mesta helvíti sem hægt er að lenda í. Þetta er algjört stjórnsleysi og hörmuleg fíkn. Þessir kassar eru niðurlægjandi fyrir þjóðina. Fjárhættuspil eru bönnuð á Íslandi en þá setja menn bara nýtt nafn á pakkann til að fara fram hjá lögnum og kalla þá söfnunarkassa. Þvílík og önnur eins blekking.“

Aðspurður hvort hann sjái fyrir sér að fjárhættuspil yrðu leyfð með einhverjum hætti ef kössunum væri lokað svarar hann: „Það á að loka þessum spilabúllum strax en opna spilavíti með stífum reglum og 23-25 ára aldurstakmarki. Vítin eiga að vera rekin af ríkinu og það á að stíla upp á fjárhættuspila-ferðamennsku með glæsihótelum og þess háttar. Að fá efnaða ferðamenn til landsins til að eyða peningum. Það er ekki hægt að banna fjárhættuspilin til að losna við þetta, frekar en áfengi og eiturlýf. Þannig er hægt að fjármagna SÁÁ og fleiri sem njóta afkrasturs kassanna í dag. En að sitja á þriðjudagsmorgni inni í einhverri spilabúllu, að svíkjast um í vinnunni, við hliðina á bótaþega eða heimilisföður sem fór með húsaleigupeningana til að græða á, en tapar því auðvitað, er ömurlegt.“

Það eru engar afsakanir fyrir þessum spilakössum, nánast á hverju götuhorni, staðir sem eru opnaðir snemma á morgnana til að „leyfa hinum venjulega Íslendingi sem er kannski að bíða eftir strætó, að skreppa inn og leika sér fyrir nokkur hundruð krónur og jafnvel græða stórfé“ svo vitnað sé í einhvern stjórnanda spilakassafyrirtækis sem var að reyna að búa til einhverja glansmynd af þessu í viðtali. Það þarf að sýna fátíðni og losna við þetta þjóðarmein sem fyrst. En það er ekki hægt að útrýma þessu. Það á að koma þessu burt úr bænum, á einn stað þar sem þú þarft að gerast meðlimur og hvað eina eins og víðast ytra.“

„Það að banna spilakassa lækna ekki spilafíkn.“

enn verri fyrir skjólstæðinga þeirra. Ég veit ekki betur en að margir skjólstæðingar SÁÁ leiti þangað eftir aðstoð vegna fíknar í hluti sem lengi eða um alla tíð hafa verið bannaðir. Það að banna spilakassa lækna ekki spilafíkn. Því miður.“

Tekjufall þegar kössunum var lokað

Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, segir ekki standa til að hætt verði aðkomu að rekstri spilakassa. „Þetta er mjög mikilvæg fjáröflun fyrir félagið og sést það vel á því að nú þegar spilakassar voru lokaðir í COVID-faraldrinum með tilheyrandi tekjufalli hjá Íslandsspilum höfum

við þurft að grípa til aðgerða meðal annars með fækkun stöðugilda og endurskipulagningu verkefna. Það er afskaplega erfitt enda verkefnið brýn. Það er ekki kappsmál í sjálfu sér fyrir Rauða krossinn að starfrækja spilakassa en hefur verið mikilvæg fjáröflun fyrir félagið og alveg ljóst að það þarf fjármagn til að halda úti starfsemi félagsins,“ segir hún.

Samdráttur í tekjum af spilakössum

Kristín tekur fram að rekstur Íslandsspila byggir á gömlum grunni og Rauði krossinn hafi leitað ýmissa leiða til að styrkja aðra fjáröflun þar sem tekjur af Íslandsspilum hafi farið minnkandi með

hverju árinu, til dæmis með Mannvinnum Rauða krossins og mánaðarlegum styrktaraðilum.

„Ef fram fer sem horfir munu tekjur halda áfram að dragast saman, enda þeir sem taka þátt í spilunum margir hverjir farnir að spila á netinu. Rauði krossinn og aðrir eigendur Íslandsspila hafa um árabil kallað eftir breytingu á lagaumhverfi happdrættismarkaðarins. Hugnast okkur best að fara svokallaða norrænu leið, þar sem eitt fyrir-tæki rekur spilakassa, lottó, getraunir og skafmiða. Með þessu móti er hægt að bjóða upp á skráningu þeirra sem spila og spilakort, hægt að setja þak á hversu mikið er hægt að spila. Það er vilji eigenda Íslandsspila að þessi leið verði farin,“ segir Kristín.

Aðspurður hvort SÁÁ ætli að draga sig út úr rekstri spilakassa segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ: „Það má reikna með því að rekstri spilakassa verði sjálfhætt áður en langt um líður. Happdrætti, spilun og veðmála-starfsemi er öll á leið inn á netið.“

Happdrætti Háskóla Íslands og dómsmálaráðuneytið höfðu ekki svarað fyrirspurn DV þegar blaðið fór í prentun. ■

„Að sitja á þriðjudagsmorgni inni í einhverri spilabúllu, að svíkjast um í vinnunni, við hliðina á bótaþega eða heimilisföður sem fór með húsaleigupeningana til að græða á, en tapar því auðvitað, er ömurlegt.“



Yrsa hefur alltaf verið mikill bókaormur og átti lengi vel ekki sjónvarp.

MYND/ERNIR

Ekki vera besti vinur aðal

Vilborg Yrsa Sigurðardóttir er orðin landspekk og gott betur fyrir löngu. Glæpasögur hennar eru seldar í yfir 100 löndum, en hún er ekki bara einn virtasti glæpasagnahöfundur landsins, byggingaverkfræðingur, móðir og amma, því hún er einnig ötul talskona kvenréttinda.



Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Yrsa, eins og hún er alltaf kölluð, er dóttir fyrsta íslenska kvendoktorsins í stærðfræði, Kristínar Höllu Jónsdóttur, og Sigurðar B. Þorsteinssonar smitsjúkdómalæknis. „Ég er ákaflega stolt af foreldrum mínum. Ég á líka eina systur, Laufeyju Ýri, sem er barnalæknir á Landspítalanum. Þau eru öll svaka-lega klár,“ segir Yrsa en systir hennar er sérfræðingur í taugalækningum og átta barna móðir, svo vinnusemi virðist þeim systurum í blóð borin.

Læknanámið látið fjúka

Því liggur beinast við að spyrja hvort Yrsa hafi aldrei

hugsað sér að læra til læknis. „Jú, jú. Ég var að spá í að fara í læknisfræði en svo fór ég sumarið eftir stúdentinn að vinna á MS Eddu,“ segir Yrsa, og vísar í íslenskt skemmtiferðaskip sem sigldi milli Íslands, Englands og Þýskalands.

„Ég var sum sé á sjó þetta sumar, svo að foreldrar mínir sóttu um háskólanám fyrir mig. Það var þeirra mat að ég væri ekki efni í lækni, enda var ég ógurlega latur námsmaður. Ég hefði aldrei náð að sinna náminu eins og þurfti enda er læknisnámið ákaflega krefjandi,“ segir hún og hlær.

Þetta stingur í stúf við þá staðreynd að Yrsa hefur gefið út eina bók á ári samhliða vinnu í tvo áratugi, fyrir utan tveggja ára hlé þegar hún skipti úr barnabókum yfir í glæpasögur. „Ég er nú enn

frekar afslöppuð, en dugleg þegar ég tek mig til. Ástæðan fyrir því að ég hef komið þessu í verk er að ég hef engin önnur áhugamál. Ég er ekki í líkamsrækt eða golfi og átti lengst af ekki sjónvarp.“

Yrsa og fjölskylda áttu ekki sjónvarp um árabíl en hún segir það ákveðinn tímabjóf. Það hafi hins vegar verið ákveðið í kjölfar þess að hún bauð í Eurovisionpartí, án þess að eiga sjónvarp, að líklega væri kominn tími á tæki. Gestunum var nefnilega ekki skemmt.

Foreldrar Yrsu þekkja greinilega dóttur sína vel, því fagið sem þau skráðu hana í á hug hennar allan.

„Það er nú ekki alveg þannig að þau hafi ákveðið að ég yrði verkfræðingur, en það var eitthvað sem ég hafði nefnt áður og þau sóttu því um það, enda

Ég strauja ekki fyrir þig, ég fæxa ekki fyrir þig, ég vélrita ekki fyrir þig.

ekki hlaupið að því að ná í mig í síma á þessum tíma, stadda úti á rúmsjó.“

Úr varð að Yrsa lærði til verkfræðings og starfar enn sem slíkur. „Verkfræðin er mjög skemmtileg og á vel við mig. Núna þegar ég er farin að minnka við mig vinnu get ég líka valið mér verkefni sem mér finnst skemmtileg. Það hefði verið erfiðara að velja sér skemmtilega, lítið veika sjúklinga.“

Heimurinn myndi loga

„Fyrsta alvöru starfið mitt var vinna hjá verktaka suður með sjó, Ellerti Skúlasyni hf. Þar var ég fyrsta konan sem var ráðin í eitthvað annað en að elda mat. Það var mjög gaman að vinna þar og mér var tekið ótrúlega vel. Þar vann ég í eitt ár. Ég held að það sé oft auðvelt að vera fyrsta konan. Þá fylgir manni nýjabrum sem hjálpar til, svo fremi sem vinnustaðurinn er ekki eittraður.“

Yrsa er vön því að vera eina konan á staðnum, en hún var eina konan sem útskrifaðist sem byggingaverkfræðingur árið 1988.

„Í dag er þetta ekki eins og þegar ég var að byrja. Þá voru nánast engar konur í framkvæmdum. Það var slatti af konum inni á verkfræðistofunum en ég var úti í skurði. Það var samt aldrei neitt vandamál.“

Ég hef alltaf bara reynt að vera eins og ég er. Ég held að það sé ekkert fengið með því að við konur reynum að haga okkur eins og karlmenn. Það bara gengur ekkert upp. Ef við breyttumst allar í karlmenn myndi heimurinn loga stafnanna á milli. Það þarf þessa blöndu.“

Kynjahlutfallið vonlaust

Yrsa hefur sjaldnast ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og segist snemma hafa gert sér grein fyrir því að hún yrði að hafa fyrir því að útvega sér þekkingu og reynslu.

„Ég var spurð hvort nafnið mitt mætti vera í tilboði, þegar verkfræðistofan sem ég vann hjá sóttist eftir að sinna eftirliti með stíflum og göngum, sem til stóð að bjóða út í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.“

Í svona útboðum er reynt að safna saman teymi fólks með sem mesta reynslu og þekkingu og allar kanónurnar not-

aðar í tilboðið. Ég sagði já við því að nafnið mitt yrði þar á meðal, en sé svo síðar að ég er eina konan á lista þeirra sem eiga að vera á svæðinu að sinna eftirlitinu.

Ég sá strax að það kynjahlutfall væri vonlaust. Þarna áttum við að vinna og búa saman í fleiri ár. Það skipti miklu máli að þarna yrðu fleiri konur og yngri fólk upp á dýnamíkina, en þegar mest lét vorum við á milli 60 og 100 manns í eftirlitinu. Íslensku stofurnar í þessu samstarfi sameinuðust um að breyta þessu og undir lokin voru konur rúmlega 30 prósent starfsmanna í stað þess að ég væri sú eina og ungt fólk var í bland við gömlu kanónurnar.“

Tilboðinu var tekið og nú þurfti að standa við stóru orðin og flytja rúmlega 900 kílómetra frá fjölskyldunni.

„Þegar það kemur að því að við fáum þetta verk, þarf ég að standa við það að hafa sett nafnið mitt í tilboðið. Þá áttaði ég mig líka á því, þegar maður stígur inn í sögulega karllægt umhverfi, að þetta er það sem þeir hafa látið sig hafa að mestu möglunarlaust. Farið frá fjölskyldum sínum og unnið uppi á hálendi í snjóstormum og algjörlega einangraðir, nú eða úti á sjó.“

Til að vera með þurfti ég að stíga út fyrir þægindarammann alveg eins og þeir. Ég gat ekki ætlast til þess að fá afslátt eða undanþágu af því að ég væri kona. En það hefði verið svo sorglegt ef öll sú reynsla sem fékkst í þessu mikilvæga og flókna verkefni hefði farið til erlendra aðila eða eingöngu til karlkyns verk- og jarðfræðinga.“

Sex ára dóttirin eftir heima

Yrsa fannst lítið mál að búa í hálfgerðum sumarhúsi og kveinkar sér ekki þegar álagið berst í tal, en unnið var á vöktum, tíu daga í vinnu á móti fjórum dögum heima hjá fjölskyldunni. Yrsa og eiginmaður hennar, Ólafur Þór Þórhallsson, eiga dótturina Kristínu Sól og soninn Mána.

Dóttir þeirra hjóna var aðeins sex ára gömul og við það að byrja í skóla þegar Yrsa pakkaði ofan í ferðatösku og flutti að Kárahnjúkum. „Pabbi hennar steig inn og sinnti bæði móður- og föðurhlutverkinu á meðan ég var í burtu. Svo

reyndum við að hafa þetta þannig að þau komu nánast aðra hverja helgi austur og ég kom heim hinar helgarnar á móti.“

Hún segir ekki hafa verið mikið um grát í síma, þó að dóttirin hafi auðvitað saknað móður sinnar, en sonur hennar var fluttur að heiman. „Pabbi hennar sinnti henni svo vel. Dóttir mín var með dálítið ruglað hár þarna um tíma, en annars gekk þetta vel og þeim fannst gaman að koma upp eftir til mín.“

Vinnuslysinn hryllingur

Verkefnið tók alls rúm fimm ár en Yrsa bjó á Kárahnjúkum í um fjögur ár. Það er langur tími í krefjandi vinnu og aðstæðum, í alls konar veðri. Hún segist þó aldrei hafa fengið upp í kok. „Ég held að stór hluti af því hafi verið hvað það var fjölbreyttur hópur þarna. Unga fólkíð var duglegt að skipuleggja gönguferðir og halda félagslífinu gangandi.“

Hún segist aldrei hafa upplifað sig óörugga á Kárahnjúkum, þó að það hafi vissulega ekki verið notaleg tilfinning að keyra í bandbrjáluðu veðri upp bratta fjallshlíð og yfir heiðina til að komast að svæðinu.

„Ég reyndi hvað ég gat að vera samferða Þorgrími Árnasyni, öryggisstjóranum okkar, sem er afburðagóður bílstjóri. En það urðu mörg bílslys sem blessunarlega fóru ekkert allt of illa, nema hvað bílana sjálfa varðaði. Hins vegar voru vinnuslysinn sem urðu algjör hryllingur. En ég upplifði mig aldrei í hættu enda mikið inni að garfa í pappír.“


Ég strauja ekki fyrir þig

Yrsa var titluð tæknistjóri eftirlitsins og var einnig framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem stofnað var fyrir rekstur eftirlitsins. Hún segir að almennt hafi íslensku karlmennirnir á svæðinu ekki komið öðruvísi fram við hana af því að hún var kona, en það hafi erlendu mennirnir gert.

„Ég lenti í því til dæmis að það var eldri erlendur karlmaður sem var að biðja mig um að hjálpa sér að strauja skyrturnar sínar. Svona asnalegar uppákomur gerðust ítrekað til að byrja með. Á endanum var þetta orðið hálfgerð grín, ég var farin að setja gula miða á hurðina hjá mér sem á stóð allt það sem ég gerði ekki; ég strauja ekki fyrir þig, ég faxes ekki fyrir þig, ég vélrita ekki fyrir þig.“

Gulir miðar bættust jafnt og þétt við og létu vinnustaðagrínararnir ekki sitt eftir liggja og bættu við alls kyns grínmiðum á hurðina. Yrsa brosir að minningunni í dag en segir þessar óskir um allrahanda aðstoð hafa komið sér spánskt fyrir sjónir á sínum tíma.

„Þegar ég var orðin nokkuð pirruð á þessu spurði ég einn þessara útlendinga hvernig honum dytti í hug að labba út allan ganginn, fram hjá fullt af fólki sem hafði minna að gera en ég og banka hjá mér til þess



Yrsa gefur í fyrsta skipti í ár út tvær bækur fyrir jólin.

MYND/ERNIR

“Ég held að það sé ekkert fengið með því að við konur reynum að haga okkur eins og karlmenn.

að spyrja mig að því hvort ég gæti ljósritað fyrir hann, eða hvað það nú var. Þá sagði greyið maðurinn: Þeir eru svo fúlir, meðan þú ert svo almennileg!“

Yrsa segir að þar standi hnifurinn einmitt í kúnni. „Við konur erum oft liðlegri að aðstoða og hjálpa. Ég held að þetta sé ekki það að það sé litið niður á mann af því að maður er kona, heldur að fólk búist frekar við því að því verði betur tekið ef það biður um aðstoð. Við erum sneggri til að þjónusta.“

SPIRULINA PERFORMANCE BLUE

LÍFRÆNT
FJÖLVÍTAMÍN
NÁTTÚRUNNAR



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

LÍFRÆN NÆRING ORKA OG EINBEITING ALLAN DAGINN

Gott við streitukvíða,
miklu álagi og truflar
ekki svefn.



KAUPAUKI Ultra Immunity Relief

Grasajurtir sem styrkja:

1. Ennis- og kinnholur.
2. Háls.
3. Lungu og brjósthol.

Vel þekktar grasajurtir sem
hafa samverkandi virkni til
styrkingar.

Öflug blanda þektra
grasajurta þegar þörf
er á skjótum stuðningi.
Styrkjandi fyrir líkamann
við álag.



Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig.

"Hafði glímt við kvíða og vanlíðan, leitaði aðstoðar og í þetta sinn byrjaði ég jafnframt á Spirulina Performance BLUE, með því öðlaðist ég eins og annað líf, varð glaðari og miklu orkumeiri. Fór að geta skipulagt mig og áhugamálið mitt sem er ljósmyndun. Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig."

Hreinn Gottskálksson, verktaki.



Get einbeitt mér allan daginn.

"Þegar ég vann að doktorsritgerðinni minni þurfti ég að einbeita mér í 12-14 tíma en með Spirulina BLUE hvarf allur einbeitingarskortur síðdegis og þar með jukust afköstin og úthaldið. Þrátt fyrir aukna orku kom það ekki niður á svefni og hvíld, þvert á móti minni streita og betri hvíld. Síðan þá nota ég Lifestream Spirulina Performance BLUE daglega."

Snjólaug Ólafsdóttir, doktor í umhverfisverkfræði.



Bækur eftir rithöfundinn vinsæla hafa verið gefnar út í yfir 100 löndum.

MYND/ERNIR

Viltu kaffi?

Yrsa er umhugað um kvenréttindi og hefur opinberlega rætt um hvað gæti betur farið til að ýta ungum konum í átt að markmiðum sínum.

„Ef þú ætlar að vera fagmanneskja og ná langt er, held ég, mikilvægt að varast það að fara að þjónusta fólkið í kringum þig. Byrja fundinn á að bjóða öllum kaffi og betri stól. Það eru allir voðalega glaðir og ánægðir og finnst þú mjög næs, en það er hætt við að festast í því hlutverki, þjónustuhlutverki.“

Þetta getur leitt af sér annað sem mér finnst óþægilegt að horfa upp á, sem er þegar mjög flottar og klárar konur koma sér í það hlutverk að vera best vinur aðal. Þá á ég við að gíra sig í það að vera ofboðslega liðleg við þann sem er yfir og aðal. Gera hluti fyrir hann sem eru þeim í raun ekki samboðnir. Í stað þess að setja orkuna í að taka þau skref sem þarf til þess að verða aðal sjálf, ef það er það sem heillar.“

Í því samhengi nefnir Yrsa að henni finnst of mikil áhersla meðal ungs fólks á að verða stjórnandi. „Allir eiga að vilja vera stjórnendur. Kannski er ég bara gamaldags, en þegar ég var að læra verkfræði

var það toppurinn að vera sérfræðingur.“

Að kunna eitthvað rosalega vel í staðinn fyrir það að vera alltaf að fara yfir tímaskýrslur, sinna starfsmannamálum og sitja fundi. Það er ekkert allra. Það er ekkert bara upphéð í því.“

Bækur gefa forskot í félagsþroska

Yrsa segir barnabækur gefa börnum mikilvægt forskot í félagsþroska og kenna þeim samkennd. „Með lestri læra börn að setja sig í spor annarra og finna fyrir samkennd. Þú þarft ekki að lenda í einelti til þess að upplifa hvað það er hræðilegt, sem dæmi. Ég fór því upprunalega að skrifa barnabækur fyrir son minn, sem hafði engan sérstakan áhuga á lestri.“

Sjálf hafði Yrsa alltaf mestan áhuga á krimmum og les þá helst sjálf. Rómantískar dægurmálasögur sjást því ekki á hennar á náttborði. Hún segist meðvitað hafa forðast að skrifa sjálf ekki hræðilegri glæpasögur með hverju árinu.

„Ég man þegar ég skrifaði Sogið að ég var uppfull af reiði eftir að hafa kynnt mér nokkur gömul mál þar sem illilega var brotið á börnum. Eftir þau

skrif áttaði ég mig á því að ég yrði að stíga eitt skref til baka.“

Ég gæti ekki farið út í það að reyna að toppa síðustu bók í óhugnaði. Bókin þar á undan, DNA, hafði einmitt verið fremur andstyggileg. Ef ég myndi halda því áfram myndi ég bara enda í „torture porn“, eins og það kallast á ensku. Ég tók þá ákvörðun að forðast að vera alltaf með andstyggilegri og grafískari morð en í síðustu bók, ekki það að morð séu nokkurn tíma hugguleg.“

Mun aldrei skrifa rómans

Að því sögðu nær Yrsa vissu jafnvægi í ár, en þetta er fyrsta árið sem hún sendir frá sér tvær bækur, eina barnabók og eina glæpasögu. Það skapast vissu jafnvægi með því að vinna í tveimur svo ólíkum verkum samtímis.

„Það virkar í raun eins og smá frí að fara í barnabókaskrifin á milli þess sem ég skrifa krimmann. Dóttir mín er mjög góð að teikna og hún var mikið hjá okkur í Covid-fárinu þegar ég sat við skriftir og úr varð að hún teiknar myndirnar í barnabókinni.“ Aðspurð hvort dóttir hennar sé menntuð listakona kemur á daginn að hún er hátækniverkfræðingur.

„Ég var alltaf með stýri-

Ég gæti ekki farið út í það að reyna að toppa síðustu bók í óhugnaði.

mannadraum fyrir hennar hönd. Mér fannst vanta konur í sjómennsku en hún hafði engan áhuga á því. Hún er að fara í framhaldsnám í gervigreind og stýrikerfum og ég er afskaplega glöð með það.

Ef það á að fara að forrita líf mitt og umhverfi vil ég að konur komi einnig að. Bæði kynin þurfa að starfa við þróun gervigreindar og sjálfstýringa, sem eru þegar farnar að breyta lífi okkar allra svo um munar. Ég er því ægilega ánægð að hún fór ekki á sjó og

er í þessu núna.“ Máni, sonur Yrsu og Ólafs, er vélaverkfræðingur og því ljóst að Yrsa hefur reynst þeim heilmikil fyrirmynd.

Í því sem glæpasagnahetja Íslands er kvöð kemur ástín upp í hugann, þar sem Yrsa hefur átt sama manninn frá því á menntaskólaaldri. Þau eiga vel saman og eru sterk eining.

Er enginn séns á að þú hendir í einn rómans? „Nei. Aldrei. Kannski heimsendabók eða SciFi. En aldrei rómans.“ ■



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

MÓTSAGNAKENND HAGFRÆÐI

Ríkið hyggst verja 34 milljörðum til að viðhalda ráðningarsambandi fyrirtækja við starfsfólk sitt, en 27 milljörðum til að eyða því. Uppsagnaleiðin orkar tvímælis.

Trausti Salvar
Kristjánsson
traustisalvar@eyjan.is



Uppsagnaleiðin sem gagnrýnd er fyrir að hvetja til uppsagna hjá fyrirtækjum þar sem skilyrði hlutabótaleiðarinnar voru þrengd var samþykkt á Alþingi á dögunum.

Þann 29. maí voru samþykkt lög á Alþingi um endurbætta hlutabótaleið. Áætlað er að hún muni kosta ríkissjóð alls um 34 milljarða króna. Þegar hún var lögð fram fyrst var gert ráð fyrir að kostnaðurinn yrði 755 milljónir króna. Ríkisstjórninni til varnar, þá var viðkvæðið ávallt að forsendur gætu breyst með skömmum fyrirvara og kostnaðurinn einnig.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og nú liggur fyrir að um 37 þúsund manns nýttu sér leiðina í mars og apríl. Hins vegar misnotaði fjöldi fyrirtækja leiðina með ýmsum hætti, samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, hvar Vinnumálastofnun var gagnrýnd fyrir skort á eftirliti með úrræðinu.

Sömuleiðis var samþykkt með lögum að ríkið myndi greiða fyrirtækjum hluta launakostnaðar starfsfólks á uppsagnarfresti. Sú leið hefur verið harðlega gagnrýnd úr öllum áttum, þar sem leiðin er sögð hvetja fyrirtæki til að reka starfsfólk sitt, enda fái þau bætur fyrir. Upphæðin sem ríkið ætlar að verja til þessa er 27 milljarðar. Því liggur fyrir að ríkið hyggst verja alls 34 milljörðum til að viðhalda ráðningarsambandi fyrirtækja við starfsfólk sitt, en 27 milljörðum til að eyða ráðningarsambandinu.

Virðist mótsagnakennt

Þetta er ansi sérstök hagfræði að mati Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands:

„Það virðist nokkuð mótsagnakennt að gera þetta svona. Hlutabótaleiðin hafði þó ekki bara hagfræðilegan tilgang, heldur var líka verið að passa upp á að fólk hefði ekki allt of mikinn hag af því að mæta til vinnu vegna smit-hættu. Það voru því skynsamleg viðbrögð, þó svo útfærslan hefði mátt vera strangari. En þessi uppsagnaleið er nokkuð tvíbent. Fyrirtæki eiga auðvitað að eiga fyrir launum á uppsagnarfresti samkvæmt lögum, annars teljast þau gjaldþrota. Það hefði að mínu mati verið eðlilegra að hafa þetta í formi lána, með



Formenn ríkisstjórnarflokkanna: Bjarni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson.

MYND/EYFÓR ÁRNASON

endurgreiðslukröfu,” segir Þórólfur og hefur fyrirkomulagið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna til hliðsjónar:

„Ég lagði til mjög snemma í ferlinu gagnvart aðilum í stjórnsýslunni að það væri farin önnur leið, ekki ósvipuð þeirri sem LÍN hefur verið með, svokallaðar tekjubundnar afborganir. Það er verið að leggja þetta til í Ástralíu og víðar. Þá hafa hagfræðingar í Evrópu gert tillögu til Evrópusambandsins um að lánveitingar af þessu tagi yrðu veittar í formi lána og á móti skuldbindi fyrirtækis til að borga hærri tekjuskatt í ákveðinn tíma á eftir. Þannig þurfi fyrirtækin að borga af lánum um leið og þau geta, áður en þau mjetla peningum í eigendur sína.

Mér fannst miður að menn skyldu ekki horfa á slík sjónarmið hér á landi,” segir Þórólfur og nefnir að það hafi sýnt sig í hlutabótaleiðinni að allt sé reynt til þess að svindla á kerfinu: „Manni sýnist að það hafi verið auðvelt stundum að fá endurskoðendur til þess að búa til það sem þurfti að búa til.“

Fylgjast vel með

Samkvæmt Skúla Eggerti Þórðarsyni ríkisendurskoðanda hyggst stofnunin að öllum líkindum gera aðra frumkvæðisathugun á uppsagnaleiðinni og öðrum úrræðum ríkisstjórnarinnar þegar á líður.



Þórólfur
Matthíasson
prófessor í
hagfræði við
Háskóla Íslands

„Já, við munum fylgjast með hinum úrræðunum. Fæst af þessu er komið til framkvæmda og því ekki tímabært að tjá sig mikið um það, en við munum fylgjast með framkvæmdinni og taka stöðuna svona þegar líður á. Við viljum sjá hvernig þessar breytingar koma út auðvitað. En þarna eru fleiri skilyrði og löggjöfin er mun þéttari en hlutabótaleiðin.“

Hann telur skýrsluna um hlutabótaleiðina hafa bætt vinnubrögðin við frumvarpsgerð uppsagnaleiðarinnar:

„Það er óhætt að slá því föstu að þegar þessi skýrsla kom út hafi menn áttað sig á því að það þyrfti að stíga varlega til jarðar þegar fé er sótt í ríkissjóð. Það var nú tilgangurinn með skýrslunni.“

Ekki umfangsmikil misnotkun

Forstjóri Vinnumálastofnunar, Unnur Sverrisdóttir, gat ekki gefið upp hversu miklir fjármunir hefðu verið sviknir út vegna misnotkunar á hlutabótaleiðinni, það myndi væntanlega liggja fyrir í vikunni. Hún taldi reyndar, þvert á niðurstöður skýrslu Ríkisendurskoðunar, að engir fjármunir hefðu verið sviknir út



Unnur
Sverrisdóttir
forstjóri Vinnu-
málastofnunar

með misnotkun á hlutabótaleiðinni:

„Það var enginn að svíkja neitt út í raun og veru. Það er nú þannig. Ég er ekki sammála því, mér finnst fólk voða fljótt að gleyma, í mars stóðum við frammi fyrir gríðarlegum hópupp-sögnum, það vissi í rauninni enginn sitt rjúkandi ráð. Það var nýkomið samkomubann og fyrirtækin vissu ekki hvaðan á þau stóð veðrið, og fyrirtæki voru að loka hvert á fætur öðru, þar sem túristarnir voru farnir heim. Ráðamenn báðu fólk um að halda ráðningarsambandi við starfsfólkið á meðan það væri verið að átta sig á hlutunum, þannig var ástandið þá. Því er það mín skoðun að þetta hafi heppnast vel að flestu leyti,” sagði Unnur.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er greinilega tekið fram að borist hafi ábendingar um að leiðin hafi verið misnotuð af fyrirtækjum sem „áttu ekki í bráðum vanda“, eða höfðu orðið fyrir samdrætti. Einnig að launafólk hefði verið látið skila meira vinnuframlagi en lækkað starfs-hlutfall sagði til um. Einnig að launagreiðendur hefðu breytt eigin launum eftir



Skúli Eggert
Þórðarson
ríkisendur-
skoðandi

á, svo þeir gætu sýnt fram á hærri laun en þeir höfðu, til að fá hærri greiðslur frá ríkinu.

Unnur taldi að málið myndi skýrast betur þegar tími gæfist til að skoða það af alvöru, en ábendingarnar væru fínar. Þá taldi hún uppsagnaleiðina ekki hvetja til uppsagna:


„Nei, ég held ekki. Ég held að enginn ráðist í uppsagnir nema þeir sem neyðast til þess. Ég hef þá trú á atvinnurekendum.“

Katrín heldur í vonina

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, sagði við Morgunblaðið í vikunni að hún vonaðist til að þrengri skilyrði í hlutabótaleiðinni myndu ekki verða til þess að fyrirtæki horfðu í auknum mæli til uppsagna, það væri ekki vilji ríkisstjórnarinnar. Hins vegar væri það óhjákvæmilegt í sumum tilfellum.

Þá sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, að í uppsagnaleiðinni væri ekki að finna hvata fyrir fyrirtæki til uppsagna, þar sem skilyrðið væri „nánast algert tekjufall“. Hann taldi hins vegar líklegt að atvinnuleysi myndi aukast. ■

Mitt framhaldslíf skiptir þína framtíð máli



Vissir þú að það tekur aðeins 60 daga að endurvinna áldósin yfir í nýjar drykkjarumbúðir?

Með því að skila inn drykkjarumbúðum á næstu flöskumóttöku stuðlar þú að hreinni náttúru, framhaldslíf á umbúðum ásamt því að þú færð skilagjaldið greitt.

ÓMÖGULEGT AÐ SKATT- LEGGJA SIG ÚT ÚR KREPPU

Óvída í heiminum eru skattar jafnháir og hér á landi. Mikillar hagræðingar er þörf í opinberum rekstri. Ráðdeild er ekki í tísku.

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón
Bragason

eyjan@eyjan.is



Í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar árin 2009–2013, urðu mestu skattahækkunar í manna minnum, sem drógu úr framkvæmdavilja og frumkvæði fólks og fyrirtækja, enda finnst þess engin dæmi að ríkjum hafi tekist að skattleggja sig út úr kreppum.

Þrátt fyrir það hversu illa tókst til í efnahagsmálum í tíð þeirrar stjórnar, eru ýmsir þingmenn enn við sama heyrarshornið. Rósa Björk Brynjólfssdóttir, þingmaður Vinstri grænna, lagði meðal annars til í þætti Heimis Más Péturssonar, Víglínunni á Stöð 2, 24. maí síðastliðinn að svokallaður auðlegðarskattur yrði tekinn upp á nýjan leik.

Skerðing mannréttinda

Flest nágrannaríkjanna hafa fyrir löngu horfið frá eignasköttum þar sem þeir taka venjulega ekki mið af greiðslugetu eða afkomu. Þau fáu ríki Vesturlanda sem enn búa við skatta af þessu tagi takmarka þá jafnan við heildartekjur og skattbyrði viðkomandi. Engir slíkir varnaglar voru slegirnir hér þegar skatturinn var lagður á í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms og þess voru mörg dæmi að fólk með lágar tekjur yrði að selja íbúðir sínar til að eiga fyrir skattinum,

fasteignir sem það hafði unnið fyrir hörðum höndum alla sína starfsævi.

Lítið fór fyrir stuðningsmönnum almennra mannréttinda í umræðu um auðlegðarskattinn, en eðlilegt er að spyrja hvar mörk skattheimtu og friðhelgi eignarréttar liggja. Í fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum er brýnt að tryggja betri vernd eignarréttar með því að takmarka skattlagningarvald.

Erfðafjárskattur

Tilefni ummæla Rósu Bjarkar um upptöku auðlegðarskatts voru fréttir um fyrirframgreiddan arf nokkurra erfingja sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja. Í kjölfarið hafa ýmsir talað fyrir hækkun erfðafjárskatts, en í Bandaríkjunum þar sem erfðafjárskattar eru háir, hafa ríkustu fjölskyldurnar ýmis ráð til að komast hjá skattgreiðslum, til að mynda með því að færa eignir í félög.

Helgi Tómasson, prófessor í hagrannsóknnum og tölfræði, var gestur minn í fréttapættinum 21 á Hringbraut í fyrra þar sem erfðafjárskatt bar á góma. Þar benti hann á að Svíþjóð hefði aflagt erfðafjárskatt einfaldlega vegna þess að skatturinn kemur illa við lágtekjufólk sem hefur lítil færi á að skipuleggja sig. Það yrði að selja eignir í miklum flýti til að eiga fyrir skattinum. Norðmenn hafa sömuleiðis afnumið skattinn, en í Danmörku er hægt að fresta greiðslu erfðafjárskatts, til dæmis ef erfingjar telja tímánn óhagstæðan til að selja eignir. Helgi Tómasson komst svo að orði í viðtalinu: „Meðan



Í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur voru fjölmargir skattar hækkaðir.

MYND/VILHELM

uppgjör var þvingað innan árs, var skapað tækifæri fyrir hrægammafyrirtæki sem eltu uppi lágtekjufólk sem hafði erfitt eitthvað, og vissu að það væri þvingað til að selja.“

Miklar skattahækkunar

Fjölmargir skattar hafa verið hækkaðir undanfarin ár, má þar nefna tryggingagjald, tekjuskatt fyrirtækja, tekjuskatt einstaklinga, fjármagnstekjuskatt, bankaskatt, sérstakan fjársýsluskatt, almennan fjársýsluskatt, veiðigjald, gistináttaskatt og kolefnisgjald. Sveitarfélögin hafa sömuleiðis flest fullnýtt heimildir sínar til álagningar útsvars og fasteignaskatta. Milli árána 2012 og 2018 hækkuðu skatttekjur Reykjavíkurborgar um 48% umfram verðlag, en á sama tíma jukust skuldirnar um 63%, þrátt fyrir uppgang í þjóðfélaginu.


Flækjustig skattheimtu hefur líka aukist síðustu árin. Samkvæmt úttekt Viðskiptaráðs voru gerðar 267 skattabreytingar milli árána 2007 og 2018. Um 200 þeirra voru til hækkunar en aðeins 67 til lækkunar. Helgi Tómasson sagði í áður nefndu viðtali að fyrirkomulag skattheimtu ætti ekki að snúast um vinstri- eða hægri pólitík og gagnrýndi þar sérstaklega innheimtu fasteignagjalda: „Þetta er bara spurning um skilvirka skattastefnu. Best er að hafa skattana sem skilvirkasta, svo þeir komi inn í ríkissjóð með sem ódýrustum hætti á sama hátt og við viljum keyra um á sparneytnum bíl: Við viljum ekki eyða óþarfa bensíni í aksturinn og það á ekki að þurfa að eyða of miklu umstangi í skattheimtuna.“

Ráðdeild ekki í tísku?

Þrátt fyrir stóraukna skattþíningu hefur afgangur af opinberum rekstri verið fremur takmarkaður. Lítið sem ekkert fer fyrir hagræðingartillögum í stjórn málaumræðunni. Það er eins og ráðdeild og sparnaður séu ekki lengur í tísku. Þvert á móti er helsta

Skattlagning í Vestur-Evrópu


Skatttekjur hins opinbera á árinu 2018. % af VLF, leiðrétt fyrir greiðslu tryggingagjalds.



HEIMILD: HAGSTOFA ESB OG ÚTREIKNINGAR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS. HÉR ER LEIÐRÉTT FYRIR SKATTHEIMTU VEGNA TRYGGINGAGJALDS TIL AÐ GERA RÍKI MED SJÓÐSÖFNUNARKERFI OG GEGNUMSTREYMISKERFI SAMANBURÐARHÆF. GÖGN FYRIR DANMÖRKU BJÓÐA EKKI UPP Á SLÍKA LEIÐRÉTTINGU OG ER ÞVÍ SLEPPT HÉR.

Skattkerfisbreytingar

Fjöldi skattahækkana og -lækkana. Lækkunar sýndar með rauðum lit.





HEIMILD: VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

gagnrýni sem fram kemur á fjárlög hverju sinni, að ekki sé nægilega miklum fjármunum veitt í hinn eða þennan mála flokkinn. Og þó svo að aldrei hafi jafnmiklir fjármunir verið til í þjóðfélaginu, hefur aldrei jafnhástöfum verið kvartað undan skorti á peningum. Við blasir að hið opinbera hefur fyrir löngu færst miklu meira í fang en því er nokkurn tímann fært að sinna.

Nauðsynlegt að lækka skatta

Í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur voru framkvæmd

dýrkeypt hagstjórnarmistök. Þau fólust í stóraukinni skattlagningu á sama tíma og hægkerfið gekk í gegnum dýpstu kreppu í áratugi. Samdráttarskeiðið var þannig framlengt að ófyrirsynju. Þetta má ekki endurtaka sig. Engin leið er að viðhalda og auka velmegun hér á landi nema atvinnulíf fái að dafna. Nauðsynleg forsenda þess er bætt rekstrarumhverfi fólks og fyrirtækja í formi lægri skatta og einfaldara regluverks. Á sama tíma verður ekki hjá því komist að hagræða í rekstri ríkis og sveitarfélaga. ■



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

SÓLBORG SAFNAR FYRIR FÁVITUM

Aktívistinn Sólborg Guðbrandsdóttir safnar fyrir útgáfu á bókinni Fávitar. Hún heldur úti samnefndri Instagram-síðu, sem er átak gegn stafrænu og öðru kynferðisofbeldi.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Sólborg Guðbrandsdóttir er 23 ára Keflvíkingur. Ásamt því að halda úti Instagram-síðunni Fávitar er Sólborg er tónlistarkona, starfar sem fyrirlesari og er í lögfræðinámi við Háskóla Íslands. Hún stefnir að því að gefa út bókina Fávitar fyrir næstu jól.

„Fávitar er fræðslubók sem svarar þeim mörg hundruð spurningum sem ég hef fengið sendar til mín á síðunni sjálfri og á fyrirlesturunum mínum um allt land síðastliðin ár frá börnum og unglungum. Spurningarnar snúast meðal annars um kynlíf, ofbeldi, samskipti, mörk og fjölbreytileika. Ég var búin að vera með þessa hugmynd í kollinum í smá tíma og ákvað að láta verða af þessu, þar sem eftirspurnin eftir aukinni kynfræðslu meðal unglunga er gríðarleg, og hefur verið í allt of langan tíma.

Viðtökurnar við verkefninu hafa verið framar vonum. Söfnunin á Karolina Fund er „all or nothing“ fjármögnunarverkefni sem hefur ákveðinn tímaramma, svo að annaðhvort tekst mér að safna fyrir útgáfu bókarinnar þar inni eða ekki. Söfnunin er komin upp í 31 prósent á nokkrum dögum og ég er gríðarlega þakklát fyrir það. Á Karolina Fund er hægt að styrkja útgáfu bókarinnar með því að forpanta bók eða bækur, panta fyrirlestur hjá mér, eða styrkja með frjálsum framlögum. Allt saman er vel þegið,“ segir Sólborg.

„Það skiptir máli að við sem samfélag leitum allra leiða til að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi og ein af þeim leiðum er aukin fræðsla.“

Orðin þeytt á áreitninni

Sólborg byrjaði með Fávita-síðuna þegar hún var nítján ára gömul.

„Ég var hreinlega orðin þeytt á því hversu oft ég og aðrar stelpur í mínu lífi urðu fyrir kynferðislegri áreitni á netinu og mig langaði að reyna að fokka aðeins upp í þessu. Það hefur heldur betur tekist með þessari gríðarlegu samstöðu, en það eru 27 þúsund manns sem fylgja síðunni í dag,“ segir Sólborg.

„Það sem drifur mig áfram í þessu er að verða vitni að árangri í þessum málum og að heyra það að ég hafi hjálpað fólki með erfiða hluti, eins og það að leita sér hjálpar eftir kynferðisofbeldi, eða að koma



Sólborg Guðbrandsdóttir sýnir hvaða raunveruleiki blasir gjarnan við konum á netinu.

MYND/ÞSEND



Sólborg ætlar að gefa út bókina Fávitar fyrir jólin.

út úr skápnum. Það er ómetanlegt.“

Síðustu fjögur ár hafa verið viðburðarík hjá Sólborgu en það eru nokkur atvik sem eru henni sérlega minnisstæð.

„Að fá viðurkenningu frá forseta Íslands og JCI Ísland fyrir vinnuna mína, er stærsta klapp á bakið sem ég hef nokkurn tímann fengið og ég mun aldrei gleyma því,“ segir Sólborg.

Gott að hafa í huga

Við spurðum Sólborgu hvað væri gott að hafa í huga varðandi samskipti á netinu.

„Ég held að það sé tvennt sem mikilvægt er að velta vöngum yfir áður en maður ýtir á „senda“ á netinu. Það er annars vegar: „Myndir þú segja þetta við manneskjuna ef hún stæði við hliðina á þér?“ og hins vegar: „Hvernig myndi þér líða ef þú fengir þessi skilaboð send til þín?“ Það eiga ekkert að gilda neitt öðruvísi reglur um samskipti á netinu en samskipti sem eru augliti til auglitis,“ segir Sólborg.

Hvað geta foreldrar gert?

„Varðandi foreldra, þá held ég að það sé mjög mikilvægt að ungt fólk viti af því að það geti leitað til foreldra sinna, að foreldrar upplýsi börn sín um að þeir séu til staðar, séu tilbúnir til að hlusta og veita leiðbeiningar, ef börnin vilja fá svör við einhverju, eða treysta þeim fyrir einhverju. Ég held að fræðsla sé mun árangursríkari leið heldur en nokkurn tímann bönn eða skammir. Í stað þess að foreldrar fylgist með hverju skrefi barna sinna á netinu er mikilvægt að upplýsa þau um þeirra réttindi og hvað séu eðlileg samskipti og hvað ekki,“ segir Sólborg og bætir við:

„Annars varðandi almenna kynfræðslu frá foreldrum, þá mæli ég með bók Siggú Daggar kynfræðings, sem heitir Kjaftað um kynlíf. Hún er leiðarvísir foreldra fyrir kynfræðslu barna sinna og ótrúlega upplýsandi.“



Ég þarf ekki að skammast mín ef ég hef stundað mikið kynlíf með mörgum manneskjum.

Kynlíf er næs.
Thank you, next!



Hér má sjá sýnishorn af því sem Sólborg deilir á Instagram.



SKJÁSKOT/INSTAGRAM @FAVITAR



Náttúrulegt Þörunga magnesium

Mikil virkni

Gott að taka inn á morgnanna

- Uppspretta orku í frumunum
- Nauðsyn fyrir efnaskipti og brennslu
- Styður vellíðan og einbeitingu
- Minni sykurlöngun og streita
- Veitir slökun og betri svefn
- Tauga- og vöðvastarfsemi

Þægileg bragðlaus inntaka í köldu vatni.

Þörungamagnesium þolir magasýrur.

Mikil upptaka í líkamanum. Fæst bæði í dufti og hylkjum.

Frábært að blanda út í olíu til að nudda stífa vöðva.

Nánar um magnesium á www.celsus.is



Hreinir
þörungar

3ja mánaða
skammtur

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna

Fæst í apótekum, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Græn heilsa.

Hvernig bregst þú við í neyð?

Margir hafa eflaust velt fyrir sér sitjandi í 30 þúsund feta hæð hvað þeir myndu gera ef flugvélin hrapaði. Josh Peltz var í þann mund að komast að því.

LÍFSHÁSKI

Unnur Regína
Gunnarsdóttir



Þann 15. janúar árið 2009 var Josh Peltz á leið heim til sín með flugi US Airways 1549. Ekkert gat undirbúið hann undir það sem koma skyldi. „Ég myndi vilja hugsa að hver sá sem hefði setið í mínu sæti hefði gert það sama. Ég var í sæti 10F, gluggasæti við neyðarútganginn vinstra megin í vélinni,“ segir Peltz þegar hann rifjar upp flugferðina í samtali við The Guardian.

„Ég flýg vegna vinnu aðra hverja viku og reyni alltaf að fá sæti með auka fótaplássi. Ég er ekki flughræddur, í raun var ég að leggja mig þegar flugvélin tók á loft. Nokkrum mínútum eftir flugtak heyrðist hár sprenging, eins og sprenging í púströri bíls. Flugvélin hristist og ég fann brunalykt. Allir tóku andköf og einhverjir öskruðu.

Ég leit út um gluggann og sá að vélin vaggði til hægri og svo aftur til vinstri. Við vorum svo hátt uppi að húsin litu út eins og leikföng og bílarnir eins og maurar. En við vorum ekki að hrapa svo að ég hugsaði: Josh, einn hreyfillinn er farinn, það er annar hreyfill og við snúum við og lendum aftur á LaGuardia-flugvelli, flugmaðurinn hefur stjórnað á þessu.

Við stefndum á vatnið

Það var óþægilega hljótt, allir voru að meta stöðuna og enginn þorði að segja neitt. Það varð fljótt augljóst að við vorum ekki á leið aftur til LaGuardia, við stefndum á vatnið. Ég hugsaði að þetta gæti ekki verið endirinn. Ég hugsaði um konuna mína, Tesu, og börnin okkar tveggja, Adeline, næstum þriggja ára, og Zy, sem var tólf vikna.

Ég reyndi að róa mig, mér fannst erfitt að sætta mig við að minn tími væri kominn. Svo kom tilkynning: „Þetta er flugstjórinn, búið ykkur undir högg.“ Allt varð skyndilega mjög skýrt, ég þurfti að hætta að hugsa um dauðann og fara að hugsa um hvað ég ætlaði að gera þegar við myndum lenda á vatninu. Þú settist í þetta sæti, hugsaði ég, þú verður að opna þennan útgang.



Nauðlending flugvélarinnar í miðri Hudson-á þykir stórkostlegt björgunarafrek.

SKJÁSKOT/GUARDIAN

Rétt áður en við lentum á vatninu byrjaði ég að lesa leiðbeiningar sem fylgdu neyðarútgangssætinu. Það voru sex skref og ég las þau tvisvar til þrisvar sinnum, prófaði sjálfan mig á hverju skrefi og reyndi að sjá mig fyrir mér opna útganginn. Við stefndum hratt á vatnið. Ég herti sætisbeltið eins mikið og mögulegt var og setti hendur yfir höfuð.“

Vélín stefndi á Hudson-fljótið í miðri New York borg. Flugstjórinn sá þar leik á borði og ætlaði að nota fljótið sem flugbraut.

Hurðin verður að fara út

„Við lentum á vatninu, þetta var eins og versta bílslys sem þú getur ímyndað þér. Við hoppuðum og skoppuðum þar til vélín stöðvaðist loks. Margir voru blóðugir í framan eftir að hafa skolið á sætinu fyrir framan sig. Það fyrsta sem ég hugsaði var að vélín væri að sökkva, við yrðum að koma öllum héðan út sem fyrst.

Einhver við hliðina á mér reyndi að toga hurðina inn og ég kallaði: Nei, þú verður að ýta henni út. Blessunarlega hafði ég lesið það í leiðbeiningunum. Ég vissi að fólk myndi flýta sér að neyðarútganginum svo ég yrði að opna hann áður en það myndaðist stífla af fólki.

Ég náði að opna og greip í hönd konunnar sem sat við hlið mér, Jenny, og við gengum út á vænginn. Kulduinn úti var skelfilegur og öldurnar sleiktu vænginn. Vængurinn sökk dýpra með hverri öldu. Við fórum eins langt út á vænginn og mögulegt var til að mynda pláss fyrir aðra.

Við munum deyja úr kulda

„Ég heyrði það seinna að fólkið sem var aftast í vélinni hefði verið að hrinda og ýta hvert öðru þegar vélín fór að fyllast af vatni. Allir vildu komast út. Úti á vængnum voru hins vegar allir að hjálpa öllum. Það var ískalt og enginn var í yfirhöfn. Sumir stóðu í vatni upp að mitti. Ókei, nú munum við drukna, við munum deyja úr kulda, hugsaði ég.

Mér fannst eins og það liði hálf tími áður en við sáum fyrstu ferjuna, þó að það geti ekki hafa verið meira en fimm til 10 mínútur. Hún var svo nálægt að ég hugsaði um að stökkva út í og synda á móti henni, en ég mundi að ofkæling tekur ekki nema nokkrar sekúndur eða mínútur að yfirbuga fólk. Ég var svo fjórði maður til að komast um borð í ferjuna og hóf strax að hjálpa fólki um borð. Það var kona sem hélt á litlu barni og maður sem hafði farið allur ofan í vatnið, hann lá á þilfari ferjunnar. Ferjustarfsmennirnir gáfu fólkinu jakka sína og skyrtur þar sem fólk var að frjósa úr kulda,“ rifjar hann upp.

Áfallið gífurlegt

Áfallið eftir slysið var gífurlegt. „Ég hef hugsað mikið um að hlutirnir hefðu getað farið öðruvísi, að útgangurinn hefði ekki opnast, að vængur vélarinnar hefði lent í vatninu og kastað okkur upp í loftið. Og ég hef líka hugsað: Af hverju ég? Af hverju lifði ég af? En eitt sem ég mun aldrei gleyma við þessa reynslu er hvað allir stóðu saman. Og það fylgir því líka góð tilfinning að vita að ég brást rétt við í neyð.

Ég komst í gegnum þetta

HVERNIG GETUR ÞÚ AUKIÐ LÍKUR ÞÍNAR Á AÐ LIFA AF FLUGSLYS?

FÁÐU SÆTI EINS NÁLÆGT ÚTGANGI OG MÖGULEGT ER

Þeir sem lifa af flugslys sitja að meðaltali innan sjö raða frá útgangi. Ef þú ert innan fimm raða frá útgangi eykur það líkur þínar á að lifa af.

SITTU VIÐ GANGINN

Það er hvorki kostur að sitja framarlega né aftarlega í vélinni en tölfraðin sýnir að það sé örliðið betra að sitja við ganginn en gluggann, vegna þess að þú getur farið mikið fyrr af stað í átt að útgangi þaðan.

LÁTTU FJÖLSKYLDU ÞÍNA SITJA SAMAN

Í neyðartilfellum munu fjölskyldu meðlimir sem eru dreifdir um vélina reyna að finna hver annan áður en þeir reyna að komast frá borði. Það getur skapað mikinn glundroða. Skipuleggið hver sér um hvaða barn í neyðartilfelli.

ÆFID YKKUR AÐ LOSA ÖRYGGISBELTIÐ

Margir hafa átt í vanda með að losa beltið, aðallega vegna þess að þeir reyna að ýta á takka eins og gert er í bíl.

TELDU HVERSU MARGAR RAÐIR ERU Á MILLI ÞÍN OG NÆSTA ÚTGANGS

Í dimmu eða reykyfylltu rými getur verið að þú sjáir ekki útganginn. Í slysum hefur það gerst að fólk fer fram hjá útgangi vegna þess að það sér hann ekki.

AXLAÐU ÁBYRGÐ

Þegar hörmungar skella á er algengt að fólk sem hópast saman reyni að hjálpa hvert öðru. Fólk sem situr við útgang getur bjargað lífi tuga manna ef ekki hundraða með því að hreyfa sig og hugsa hratt. Aftur og aftur hefur það sýnt sig að farþegar vilja ekki ýta neyðarútgangshurðinni út – það fer á móti eðlisávisun manna, en ef þú undirbýrð þig getur þú breytt þessari hugsun.

HEGBUN ÞÍN SKIPTIR MÁLI

Milli 1983 og 2000 lifðu 56% farþega í alvarlegum flugslysum af. Það er mikilvægt að átta sig á að hægt er að lifa flugslys af og hvað þú getir gert til að auka þínar líkur og annarra í kringum þig.

Fleiri ábendingar má sjá á DV.is

með því að taka bara 10 sekúndur í einu, opna útganginn, finna út hvort við værum að sökkva, hvað þarf að gerast núna? En næst? Ég hélt bara áfram svona þangað til ég komst á fast land og gat talað við konuna mína. Loksins þá fór ég inn á karlasalernið og grét í nokkrar mínútur,“ segir Peltz að lokum.

Framleidd var kvikmynd um atburðinn árið 2016. Tom

Hanks fór þar með aðalhlutverk flugstjórans Chesley Sullenberger sem talinn er hafa bjargað lífi farþeganna með röggsemi sinni og fagmannlegri lendingu á fljótinu. ■

Hlaðvarpið **HÁSKI** kemur út á mánudögum á vef DV. Lumar þú á Lífsháskasögu? Sendu okkur endilega ábendingu á haskipodcast@gmail.com

BYKO

Frábært í ferðalagið

Tilboðsverð

Ferðagasgrill

Létt og þægilegt ferðagasgrill, frábært í útileguna. Hillur og sambrjótanlegir plastfætur undir grillinu, hægt er að taka hillurnar af.

18.746

50632100

Almennt verð: 24.995

25%

Kílóvött
2,93Brennarar
1**Einhell®**

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

TE-CD 18v 2X1,5. hluti af Power X-Change fjölskyldunni sem þýðir að rafhlöðurnar passa í aðrar vélar í sömu línu frá Einhell.

18.897

74826002

Almennt verð: 26.995

30%



25% afsláttur

af öllum glösum



20% afsláttur

af öllum blómapottum



20% afsláttur

af öllum járnhillum

20% afsláttur

af öllum tröppum og stigum




Birt með fyrirvara um prentviltur og/ eða myndbrensl. Tilboð gilda til 10. júní, eða á meðan birgðir endast.

Skoðaðu framkvæmda- blaðið á byko.is

Vinnur þú
100.000kr.
inneign í BYKO?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalingar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram fyrir 17. júní og merktu #bykoheimili20

Soffía Dögg Garðarsdóttir hjá Skreytum hús og **Karen Ósk Magnúsdóttir** innanhúsráðgjafi verða gestadómarar. Fylgstu með leiknum á www.skreytumhus.is, á facebook síðu BYKO og Instagram



20% afsláttur

Blóm, tré og runnar

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is

Opnaði verslun til að koma vinnunni út af heimilinu

Sigrún Arna Gunnarsdóttir innanhússhönnuður opnaði nýverið verslun í Vestmannaeyjum sem fer blómlega af stað þrátt fyrir krepputal enda fara smekklegheit ekki úr tísku.

Sóley Guðmundsdóttir
soley@dv.is

Þetta er draumur sem varð að veruleika og ég bara stökk út í þetta. Ég fattaði eiginlega bara eftir á að ég væri búin að opna,“ segir Sigrún Arna sem opnaði nýverið gjafavöruverslunina og ráðgjafarfyrirtækið Heimadecor í Vestmannaeyjum.

„Ég fann húsnæði, skoðaði það og þetta var mjög fljótt að gerast. Ég fann húsnæðið í febrúar eða mars og við fórum bara strax að vinna í því,“ segir Sigrún.

Undirbúningur í samkomubanni

Búðin var opnuð 15. maí eftir miklar endurbætur. Húsnæðið var illa farið og Sigrún tók allt í gegn. Vinna og undirbúningur fyrir opnun fór fram þegar heimsfaraldur vegna COVID-19 stóð sem hæst.

„Ég lét það ekki stoppa mig. Heimsfaraldurinn mun taka enda. Þetta er heldur ekki lundabúð þar sem ferðamenn eru markhópurinn. Markmiðið er að veita Vestmannaeyingum þjónustu,“ segir Sigrún Arna spennt fyrir komandi tímum.

Karlarnir koma með í búðina

Eina af ástæðunum fyrir því að opna verslun segir Sigrún vera að færa vinnuna út af heimilinu.

„Áður hitti ég alltaf fólk úti í bæ sem ég var að veita ráðgjöf og vann svo heima. Ég finn strax mikinn mun á því að vera komin út af heimilinu. Það er meira um það að fólk komi og óski eftir ráðgjöf. Konurnar koma núna með mennina sína með sér niður í búð. Áður hitti ég bara konurnar á kaffihúsi.

Svo verða líka allir þreyttir á því að vinna heima. Maður er bara að þrifa og setja í þvottavél og gera eitthvað annað en að vinna.“

Nýtt að fá innanhússhönnuð

Í versluninni er boðið upp á fjölbreytta gjafavöru og þjónustu. „Ég er með góðar sápur og snyrtivörur, skartgrip og alls konar fyrir heimilið. Við erum í samstarfi við Sérefni, Granítsteina og Lúmex.

Hægt er að skoða prufur hjá mér og svo panta ég frá þeim eftir þörfum. Ég er sem sagt að selja salt og pipar, granít og



Sigrún Arna hannaði verslunina, sem var foheld.

MYND/ÆSEND

„Þetta er heldur ekki lundabúð þar sem ferðamenn eru markhópurinn.“



Eitt af verkefnum Sigrúnar í heimahúsi er þetta fallega og praktíska eldhús.



MYNDIR/ÆSENDAR

málningu. Þetta er bara alls konar,“ segir hún hlæjandi.

Sigrún telur þessa tegund af þjónustu hafa vantað í Eyjum. „Fólk er held ég að átta sig á þjónustunni. Ég var með fleiri kúnna í Reykjavík heldur en hér í Eyjum. Að fá aðstoð frá innanhússhönnuði er bara frekar nýtt fyrir Eyjamönnum,“ segir Sigrún en viðtökur hafa verið góðar á þessum stutta tíma.

„Við setjumst bara niður og ræðum hvað kúnninn vill,“ segir Sigrún Arna um hlutverk innanhússhönnuðar. „Ef þig vantar nýtt eldhús þá get ég fengið tilboð í allt. Lýsingu, innréttingu, málningu, borðplötu og bara hvað sem er. Þá þarf kúnninn ekki að hringja út um allt til að fá tilboðin,“ bætir hún við.

Sigrún hefur hannað mest fyrir einstaklinga hingað til en það breytist fljótlega. „Það er eitt stórt og spennandi verkefni fram undan hjá mér. Ég er mjög spennt að segja frá því, vonandi sem allra fyrst,“ segir Sigrún en hún þjónustar fólk um allt land þó að hún sé í Vestmannaeyjum.

Hægt er að fylgjast með Sigrúnu á Instagram-svæðinu „Heimadecor“ og á vefsíðunni heimadecor.is. ■

Forsetastóladansinn

Forsetar koma og forsetar fara. Nú líður senn að kosningum, en manstu eftir kosningabaráttu síðustu áratuga?

TÍMAVÉLIN

Senn gengur íslenska þjóðin til forsetakosninga þar sem kosið verður á milli sitjandi forseta, Guðna Th. Jóhannessonar, og Guðmundar Franklína Jónssonar. Áður var það óhugsandi að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta, en nú er tíðin önnur. Því er viðeigandi að Tímavélin horfi að þessu sinni aftur til kosningabaráttu undanfarinna þriggja áratuga.

Erla Dóra Magnúsdóttir erladora@dv.is



Forsetakosningarnar 1980 þóttu stórtíðindi víða um heim. Þá var Vigdís Finnbogadóttir kjörin, fyrst kvenna, sem forseti Íslands og varð þar með fyrsta konan til að verða þjóðarleiðtogi í heiminum. Það vakti ekki síður athygli að Vigdís var ókvænt, einstæð móðir. Fengu þessar staðreyndir töluverða athygli í kosningabaráttunni þar sem Vigdís var gjarnan spurð út í makaleysið.

„En ég hef aldrei orðið vör við að það væri fjötur um fót að hafa ekki karlmann mér við hlið. Og ætti ég bónda núna, væri líklegra að framboð mitt hefði hreinlega aldrei komið til. Ég hefði aldrei boðið sjálfstæðum karlmanni upp á þetta stússi!“ sagði Vigdís í aðdraganda kosninganna, í samtali við Dagblaðið.

Vigdís hafði undirgengist brjóstnám vegna brjóstakrabbameins, staðreynd sem hún bjóst varla við að myndi skipta máli í framboði hennar. Engu að síður fékk hún einu sinni spurninguna hvort hún teldi sig geta verið forseta, með aðeins eitt brjóst. Vigdís lét spurninguna ekki slá sig út af laginu og lét þetta fræga svar falla: „Það stóð nú aldrei til að hafa þjóðina á brjósti.“

Lýðveldi kvennanna

„Lýðveldi kvennanna“ var fyrirsögn sem franska blaðið



Vigdís Finnbogadóttir, ásamt kjördóttur sinni Astríði, redur við fréttamann DV á heimili sínu í morgun. DV-mynd: H.J.Bj.

Það var söguleg stund þegar Vigdís var kjörin forseti, fyrst kvenna.

Libération sló upp árið 1988, þegar Vigdís Finnbogadóttir forseti varði embætti sitt gegn framboði Sigrúnar Þorsteinsdóttur, húsfrøyju úr Vestmannaeyjum. Ísland vakti athygli fyrir stöðu sína í kvenréttindabaráttunni, en þarna var kona, sitjandi þjóðarleiðtogi, að etja kappi við aðra konu og þar að auki voru sex kvenréttindakonur í þingflokki á Alþingi.

Á þessum tíma hafði það aldrei gerst að sitjandi forseti fengi mótframboð. Sigrún Þorsteinsdóttir kvaðst standa fyrir róttækum breytingum á forsetaembættinu og vildi gera embættið virkara og pólitískara, meðal annars með beitingu neitunarvalds. Vigdís stafaði þó aldrei ógn af mótframboðinu, enda mældist hún með mikla yfirburði í skoðanakönnunum.

Sigrún og stuðningsmenn hennar gagnrýndu forseta fyrir tómlætið, en Vigdís neitaði meðal annars að taka þátt í kappræðum í sjónvarpi. Sigrún var jafnvel gagnrýnd fyrir að dirfast að bjóða sig fram gegn Vigdís, það væri soun á peningum skattborgara, þar sem Vigdís var afar farsæl og vel liðin í starfi. Fór að endingu svo að Vigdís hlaut yfirburðakosningu, með yfir 90 prósent greiddra atkvæða.

Kosningar þessar voru engu að síður sögulegar, þar sem fordæmi var þar sett fyrir mótframboði gegn sitjandi forseta, en slíkt hefur ítrekað gerst síðan. Hins vegar þótti afgerandi kosning Vigdísar benda til þess að íslenska þjóðin kærdi sig ekki um

pólitískan forseta. Vigdís stóð fyrir því að forseti væri sameiningartákn þjóðarinnar og vildi efla land, þjóð og tungu.

Ekki lengur en 12 ár

Ólafur Ragnar Grímsson var kjörin forseti 1996. Í beinni línu hjá DV í aðdraganda kosninga sagðist hann ekki hafa hug á því að sitja jafn lengi og Vigdís hafði gert, sem sat í 16 ár.

„Mér finnst 16 ár ansi langur tími, þótt í því felist engin gagnrýni á Vigdís Finnbogadóttur né Ásgeir Ásgeirsson. Ég tel reyndar að ef Vigdís hefði boðið sig fram aftur hefði þjóðin kosið hana áfram. [...] Fljótt á litid eru 8 til 12 ár eðlilegri tími heldur en 16 ár.“

Öðruvísi fór þó og var Ólafur forseti í 20 ár og sat því lengst allra forseta á Íslandi.

Ástþór og tómatósan

Ástþór Magnússon reyndi í þriðja sinn árið 2004 að hafa betur gegn Ólafi Ragnari í forsetakosningum. Ólafur reyndist þó sjálfkjörinn árið 2000, þar sem framboð Ástþórs var dæmt ógilt vegna annmarka á meðmælendalista. Þar mátti finna nöfn sem ekki fundust skráð í þjóðskrá, svo sem Andrés Önd og Jesús Kristur.

„Ég þarf enga tómatósuna núna. Hún var einungis hugsuð sem segull á fjölmiðlana, sálarástand fjölmiðlamanna virðist vera þannig að maður þarf einhvern svona leikþátt til þess að ná athygli þeirra. Það þarf tómatósuna til þess að fá umfjöllun um mikilvægasta málefni heimsins, friðarmálin,“ sagði Ástþór

Fyrsti kvenframboðandinn í forsetakosningum á Íslandi:

Vigdís gefur kost á sér í forsetaframboð

„Ég gef kost á mér til forsetaembættisins af nákvæmlega sömu ástæðu og ég tók að mér starf leikuháttstjóra Leikfélags Reykjavíkur fyrir rúmum átta árum. — Ég var hvött til þess. Reyntan hefur líka kennt mér að mér vex ásmegin þegar úr í starfið kemur,“ sagði Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri í viðtali við DV í morgun.

— Var þetta erfitt ákvörðun? „Nei, raunverulega ekki. Að vissu þá hló ég að þessari hugmynd í fyrstu en það hefur breytt. Ég hef fundið það svo áþreifanlega að margir vilja stuðla að kjöri mínu. Einnig hef ég ráðlaeri mig við vini mína sem ég treysti. Ég er atveg ákveðin.“

Vigdís Finnbogadóttir er fædd í Reykjavík árið 1930. Hún kenndi við Meintaskólann í Reykjavík og Meintaskólann við Hamrahlíð 1962 til 1972 en þá tók hún við starfi leikuháttstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Hún stundaði nám við Háskóla Íslands, í Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð og nam frönsku, ensku og leikhúsræði. Vigdís á eina kjördóttur, Astríði, sem er sjö ára gömul. —ÖG.

Í FRAMBOÐI VORU:

1980
Vigdís Finnbogadóttir
Guðlaugur Þorvaldsson
Albert Guðmundsson
Pétur J. Thorsteinsson

1988
Vigdís Finnbogadóttir
Sigrún Þorsteinsdóttir

1996
Ólafur Ragnar Grímsson
Pétur Kr. Hafstein
Guðrún Agnarsdóttir
Ástþór Magnússon

2004
Ólafur Ragnar Grímsson
Baldur Ágústsson
Ástþór Magnússon

2012
Ólafur Ragnar Grímsson
Póra Arnórsdóttir
Ari Trausti Guðmundsson
Herdís Þorgeirsdóttir
Andrea J. Ólafsdóttir
Hannes Bjarnason

2016
Guðni Th. Jóhannesson
Halla Tómasdóttir
Andri Snær Magnason
Davíð Oddsson
Sturla Jónsson
Elísabet Kristín Jökulsd.
Guðrún Margrét Pálsd.
Ástþór Magnússon
Hildur Þórðardóttir

„Ertu komin til að koma í deilur, eða ætlar þú að taka viðtal við mig?“ spurði Ólafur blaðamann DV, spurður út í ásakanir hans um hlutdrægni DV í forsetakosningunum. Hann bar RÚV heldur ekki vel söguna.

„Það blasir við hjá Ríkissjónvarpinu að Svavar Halldórsson [eiginmaður Þóru] fékk að misnota fréttatíma Sjónvarpsins til þess að búa til áróðursfrétt gegn mér, á sama tíma og var verið að vinna könnun um fylgi Þóru, mín og annarra til að undirbúa framboð gegn mér.“

Sögulegur fjöldi framboðenda

Þegar Ólafur settist loks í helgan stein varð uppi fótur og fit, þar sem allir og amma þeirra hugðu á framboð. Alls voru níu framboðendur í framboði, fimm karlmenn og fjórar konur. Þrettán aðrir höfðu lýst yfir framboði, en dregið til baka af ólíkum ástæðum.

Ólafur Ragnar hafði greint frá því í áramótaávarpi sínu að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér. Í apríl virtist hann þó hafa skipt um skoðun, bara til að skipta aftur um skoðun í maí. ■

MYND/TÍMARIT.IS

Una í eldhúsinu



MYNDIR/AÐSENDAR

Hérna er uppskrift að góðu grillkvöldi. Lambaspjót með alls konar girnilegu grænmeti, ofnbakað eggaldin með ólífum og fetaosti og í eftirmat grillaðir bananar með púðursykursfyllingu.

Ofnbakað eggaldin

1 meðalstórt eggaldin
15 ólífur
Fetaostur í kryddolíu
Handfylli af ferskri steinselju

Byrjið á að skera eggaldin í meðalþykkar sneiðar og setjið á grillið.

Setjið í eldfast mót og inn í ofn við 180 gráður í um 10 mínútur, eða þar til fetaosturinn hefur bráðnað.

Saxið ólífur smátt og setjið yfir eggaldinsneiðarnar ásamt fetaosti.

Setjið sneiðarnar á fat, klippið niður ferska steinselju og stráðið yfir til að bragðbæta.



Bananar með púðursykri

4-6 bananar
4-6 msk. púðursykur
Vanillúis eða þeyttur rjómi

Kljúfið hvern banana í tvennt og takið miðjuna úr hvorum bita, eða myndið pláss til að fylla bananann af púðursykri.

Setjið um eina matskeið af púðursykri í miðjuna, pakkiið inn í ál-pappír og grillið í um 10 mínútur.

Setjið bananann í skál og berið fram með ís eða þeyttum rjóma.

Verði ykkur að góðu.

Lambaspjót


600 g lambafillet-bitar (ég keypti sítrónumaríneraða bita hjá Kjötkompanii)
1 gul paprika
1 rauð paprika
1 appelsinugul paprika
1 rauðlaukur
1 hvítlaukur
1 kúrbítur
1 askja sveppir

Saxið grænmetið allt saman niður og reynið að hafa bitana frekar í stærri kantinum.

Þræðið grænmeti og kjöt að vild á spjót.

Setjið á grillið og gefið ykkur góðan tíma til að snúa spjótunum svo allar hliðar verði jafn vel eldaðar.

Berið fram með góðri sósu.



Stígðu út fyrir mörkin með LIMITLESS

Becoming Limitless á vegum Andri Iceland er sniðið fyrir þá sem vilja víkka út sín eigin mörk og vinna á skilvirkan hátt að því að verða besta útgáfan af sjálfum sér.

Limitless er ekki námskeið eða einkaþjálfun í sjálfu sér, heldur meira eins og lífsstílsbreyting, þar sem unnið er með öll kerfi líkama og hugar. Við vinnum í hugarfari, andlegu hliðinni, líkamlegu hliðinni og gerum skemmtilegar og krefjandi æfingar sem koma hverjum og einum nær sínum eigin markmiðum. Að þessu leyti er þetta ekki eins og hefðbundin einkaþjálfun. Hér er um að ræða vídtæka reynslu sem kemur við mun fleiri snertifleti en einöngu hið líkamlega,“ segir Andri Einarsson, stofnandi Andri Iceland. Andri hefur boðið upp á ýmis námskeið á vegum Andri Iceland. Meðal þess má nefna „Hættu að væla komdu að kæla“ – Wim Hof Method, öndunarnámskeið, hugarfarsnámskeið og margt fleira.

Persónulega sniðið að hverjum og einum

Limitless er persónulega sniðið að hverjum og einum. „Ég get unnið með einstaklingum, þörum eða allt að fimm manna hópum ef fólk kys að vinna saman að sameiginlegu markmiði. Í gegnum mína þrautagöngu hef ég öðlast gífurlegan fjölda alls kyns verkfæra sem hafa hjálpað mér að verða sá sem ég er í dag. Í Limitless mun ég kenna skjólstæðingum aðferðir sem gera þeim kleift að gera þær breytingar sem þeir þurfa að gera til þess að yfirstíga sín eigin mörk og víkka þau út.“

- Umblytu huga þínum og líkama
- Uppgötvaðu möguleika þína
- Einfaldar en öflugar aðferðir
- Lærðu að lifa í miðju stormsins
- Taktu stjórn á eigin lífi á öllum tilverustigum
- Skildu eftir allt það sem heldur aftur af þér, fyrir fullt og allt

Við erum okkar eigin óvinir

„Fórnarlambið er ótrúlega ríkt í okkur öllum og það eina sem stoppar okkur í því að gera það sem okkur langar að gera í lífinu er oft á tíðum við sjálf. Eins og Henry Ford sagði eitt sinn, að ef þú heldur að þú getir ekki eitthvað, þá muntu ekki geta það. Við keyrum oftast en ekki á gömlu tölvustýrikerfi sem byggir á hefðum, trú og viðhorfum sem sköpuðust áður en við vorum nógu þroskuð til þess að vinna í þessu öllu saman. Það sem ég geri er að „debugga“ eða villuhreinsa einstaklinginn svo að hann upplifi það á eigin skinni að okkur eru engin takmörk sett. Við getum allt sem okkur dreymir um. Það er tilgangslaust að reyna að sannfæra efasemdafólk um að kuldaböð eða sjálfsvinna virki. Þú þarft að vilja gera breytingar til þess að breytingar geti átt sér stað.“


Vinnur í sjálfum sér í leiðinni

Andri bætir við að það sem við einbeitum okkur að, það vex og dafnar, en það sem fær engan fókus þornar upp og skrælnar. „Ég hef öðlast



Andri Einarsson þekkir það á eigin skinni að vera háður sínum eigin mörkum.

MYND/ANTON BRINK



Becoming Limitless er persónulegt ferðalag til þess að læra að stíga út fyrir eigin takmarkanir.

MYNDR/ADSENDAR

„Fórnarlambið er ótrúlega ríkt í okkur öllum og það eina sem stoppar okkur í því að gera það sem okkur langar að gera í lífinu er oft á tíðum við sjálf.“

öflug verkfæri til þess að endurbeina fókusnum á það sem skiptir máli. Að vera limitless er ekki eitthvað sem kemur bara af sjálfu sér, því maður þarf stöðugt að vinna í sjálfum sér til þess að viðhalda æskilegu ástandi,“ segir Andri. Þess vegna einsetur hann sér að gera æfingarnar með

skjólstæðingunum. „Í leiðinni er ég að vinna í sjálfum mér. Þó svo ég hafi öðlast gríðarlegan árangur og fundið jafnvægi í mínu eigin lífi, þá er ekki þar með sagt að ég svífi um á bleiku skýi og allt sé fullkomið. Það er ekki til neitt sem heitir fullkomnun. Ég verð alveg ennþá reiður

eða pirraður ef einhver svínar fyrir mig í umferðinni. En ég er svo miklu fljótari að taka á ástandinu og ná jafnvægi aftur. Streituvaldandi lífsstílsjúkdómar eru mesta plága nútímans og lykillinn að því að vinna á móti þessari þróun er að finna jafnvægi í sjálfum sér.“

Vika eða mánuður

Hægt er að velja um Limitless þjálfun sem tekur eina viku eða einn mánuð, allt eftir því sem hentar hverjum og einum. „Sumir vilja drífa þetta í gang og vinna að Limitless lífsstílsbreytingunni hratt og örugglega. Öðrum hentar betur að taka sér lengri tíma. Þetta er annars sami tímafjöldi í grunninn. Hvert Limitless þjálfunarprógramm byrjar á því að ég ræði við einstaklinginn og set honum eða henni verkefni til þess að stefna að í viku, áður en fjörið byrjar. Það er gott að hugsa um hvað það er sem maður vill vinna í fyrirfram, en svo er líka mikilvægt að vera opinn og viðbúinn því að allt geti gerst. Með meðferðum og verkefnum eins og kælimeðferð, ísböðum, flæði, hreyfingu, hugarleikfimi, samtölum og ýmsu fleiru vinnum við að því saman að finna út hvar mörk hvers og eins liggja og hvernig má finna leiðir til þess að yfirstíga þau.“ ■

LIMITLESS
BY ANDRI ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni andriiceland.com.

Ég er eins og ljónin, borða þegar ég er svangur

Guðmundur Franklín, viðskipta- og hagfræðingur, gefur kost á sér í embætti forseta Íslands í kosningunum 27. júní. Hvað ætli maðurinn sem vill „berjast gegn spillingu“ borði?

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Guðmundur Franklín Jónsson lýsir venjulegum degi í lífi sínu: „Ég vakna alltaf á milli 02.30 og 03.30, sofna aftur í sirka tvo tíma og er kominn á lappir á milli 05.00 og 06.00. Tíminn snemma á morgnana nýtist mér best og hugurinn er skýr. Venjulega tek ég langan göngutúr á morgnana, eða fer í sund eða stunda líkamsrækt. Það fer eftir því hvar ég er staddur.“

Eftir góða byrjun á deginum sest Guðmundur Franklín við tölvu.

„Tíminn fer mikið í að svara skilaboðum. En ég svara öllum skilaboðum strax og þoli ekki að sjá ósvörðuð skilaboð í innhólfinu, hvort sem það er tölvupóstur, messenger, SMS, Facebook og svo framvegis. Ég er svo heppinn að hafa gott fólk með mér og í kringum mig. Stundum hreinlega finnst mér mér ofaukið og tek eins lítið pláss og hægt er,“ segir hann.

„Ég horfi ekki á sjónvarp sjónvarps vegna og er sofnaður klukkan átta, með iPadinn. Er þó alltaf í sambandi allan sólarhringinn, sem er dæmigert líf hóteltjóra.“

Alæta á mat

Guðmundur Franklín segist ekki fylgja sérstöku mataræði. „Ég er alæta á mat, fréttir, upplýsingar og nýjar hugmyndir. Ég borða mest hollan mat og sem minnst unninn en lífrænan ef hægt er. Ég borða mikið af ávöxtum og grænmeti. Ég elska öll ber og nota ber sem snakk,“ segir hann.

„Ég borða oftast á hlaupum. En get þó sest niður og slakað á yfir góðum mat á góðri stund með góðu fólki, en félagsskapurinn verður að vera réttur. Ég er eins og ljónin, borða þegar ég er svangur.“

Elskar eldhús

Guðmundur Franklín segist vera mikið í eldhúsinu.

„Ég elska öll eldhús og þar líður mér best, ég er hræðileg-

Matseðill Guðmundar Franklíns

Morgunmat

Kaffi, kaffi, kaffi... og eitthvað sætt.

Hádegismatur

Á hlaupum, oftast samloka.

Kvöldmat

Það sem er á boðstólum. Ég er alæta og elska allan mat og alltaf tilbúinn til að prófa eitthvað nýtt.

ur þegar ég kem í heimsókn, því ég fer beint inn í eldhús og þarf að halda aftur af mér til að kíkja ekki í ísskápinn,“ segir hann.

„Í hótélrekstri verða menn að geta eldað og hafa vit á mat. Ég get búið til dýrindismáltíð þegar ég set hjarta og ást í matargerðina.“

Uppáhaldsmáltíð Guðmundar Franklíns er osso bucco, lambaskanki eða saltfiskur. „Þetta er hægt að kokka á hundrað vegu,“ segir hann. ■

New York ostakaka

Botninn

85 g smjör, smá auka til að smyrja formið
140 g haframjöl
1 msk. sykur

Hitaðu ofninn, með ofnplötunni, í 180 gráður.

Settu bökunarpappír í form. Bræddu smjörið á pönnu. Hræðu haframjölínu og sykrunum við. Helltu blöndunni í formið og þrýstu henni niður. Bakaðu svo í tíu mínútur. Kældu.

Fyllingin

900 g rjómaostur
250 g hrásýkur
3 msk. hveiti
1 ½ tsk. vanilludropar
Smátt rifinn sítrónubörkur, um 2 tsk., bara ysta lagið



Guðmundur Franklín Jónsson borðar yfirleitt á hlaupum en elskar að verja tíma í eldhúsinu. MYND/HILLI

1 ½ tsk. sítrónusafi

3 stór egg, plús ein eggjarauða
1 ½ dós sýrður rjómi

Hækkaðu hitann á ofninum í 220 gráður. Peyttu rjómaostinn á miðlungshraða með hrærara, þar til hann er silkimjúkur, í um tvær mínútur.

Stilltu hrærivélina á lágan hraða, bættu svo hrásýkrinum, hveitinu og smá salti saman við. Skaðu reglulega niður með hliðum skálarinnar.

Skriptu út hræranum fyrir þeytara. Bættu við vanilludropum, sítrónuberki, sítrónusafa og eggjum.

Hræðu 1 ½ dós af sýrðum rjóma. Skildu rest eftir í kremið. Gættu þess að hræra ekki of mikið. Blandan ætti að vera létt og mjúk í sér.



MYND/BBC GOOD FOOD

Smyrðu kökuformið með bræddu smjöri og klæddu með bökunarpappír. Helltu fyllingunni í, taktu köggla úr með hníf. Bakaðu í tíu mínútur. Lækkaðu hitann í 110 gráður og bakaðu í 45 mínútur í viðbót. Slökktu á ofninum og opnaðu ofnhurðina ef þú vilt hafa ostakökuna mjúka í miðjunni, eða hafðu hurðina lokaða ef þú vilt hafa hana ögn þurrari. Leyfðu kökunni að kólna í tvo tíma.

Kremið

½ dós sýrður rjómi
1 msk. hrásýkur
2 tsk. sítrónusafi

Blandaðu restinni af sýrða rjómanum við 1 msk. af hrásýkri og 2 tsk. af sítrónusafa. Settu það yfir ostakökuna, alveg að brún. Settu álpappír yfir kökuna og kældu í alla-vega átta tíma, eða yfir nótt.

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON
MÁLARAMEISTARI
SÍMI: 844 9188



FÖST
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA
REYNSLA

NÁKVEMAR
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN
TILBOÐ OG
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir, hjónabandsráðgjafi með meiru, hefur gengið til liðs við DV og mun svara spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og

ástina í nýju Fjölskylduhorni. Að þessu sinni svarar Kristín lesanda sem er að bugast undan kröfum samtímans um fullkomnum.

Sérfræðingur svarar



REYNI ALLTAF AÐ GERA ALLT 100%

Hæ, Kristín. Ég er alltaf að reyna að gera allt 100%, en mér líður eins og ég nái ekki að gera neitt vel. Mér finnst ég vera með þúsund bolta á lofti, vinnuna, börnin, hjónabandið, vinkonur, ræktina, stórfjölskylduna og háskólanám í fjarnámi. Svo þurfa barna-herbergin að vera fullkomin, barnaafmælin flott og heimilið almennt í röð og reglu. Stundum er ég örmagna þegar ég loksins leggst á koddann og þá bitnar það á hjónalífinu. Þegar ég lít í kringum mig þá virðast allir á sama stað, en mig langar ekki til þess að vera á þessu hamstrahjóli. Áttu einhver ráð til þess að lifa og njóta, en samt þannig að þessir helstu póstar séu í lagi?

Sæl, ofurkona

Það væri svo auðvelt að segja þér að hætta að reyna að vera fullkomin og slaka bara á, en það er hægara sagt en gert. Börnin þurfa samt að læra heima, þau eiga afmæli einu sinni á ári, hreyfing er góð fyrir sál og líkama og tengsl við maka, stórfjölskyldu og vinkonur auka hamingju.

Og hvað, á ég svo bara að segja þér að slaka á og hætta að vera ofurkona? Það er mótsögn sem bitnar verulega á ofurkonum. Þær eru margar hverjar farnar að bera skömm í ofanálag yfir að standa sig svona vel og vera uppfullar af streitu.

Mikið ertu að standa þig vel

Heldur væri hjálplegt að hrósa þér, vinkona. Mikið ertu að standa þig vel, þetta er hörkupúl og því miður hefur engin enn fundið leynitrix sem leysir vandann þinn. Ef svo væri, væri sú hin sama moldrík. En ég get tínt til nokkur atriði sem vonandi geta hægt aðeins á hamstrahjólinu og gefið þér aukið svigrúm til þess að anda, vera til og knúsa makann þinn.

Í fyrsta lagi er auðvelt að setja fókusinn á aðstæður sínar og reyna að breyta þeim, í staðinn fyrir að horfa á viðhorf sitt gagnvart aðstæðunum. Þú nefnir barnaafmælin og háskólanámið og eru það vissulega krefjandi breytur, en fyrst þú stendur frammi



MYND/GETTY

Svona skipulag hefur í alvörunni bjargað mörgum hjónaböndum.

fyrir þeim á annað borð þá gæti verið streitulosandi að skoða hvers vegna afmælin þurfa að vera flott. Hver dæmir um það hvort þau séu nægilega flott? Hversu háar einkunnir þarftu að fá? Geturðu dreift náminu á lengri tíma? Þetta eru viðmið sem þú stýrir sjálf og auðveldara er að stýra þeim heldur en að hafa áhrif á námsvísi Háskólans eða skoðanir samfélagsmiðlastjarna á barnaafmælum.

Æfðu þig í að gera mistök

Það sem ég er að reyna að segja er að þú getur dregið úr streitu og vanlíðan með því að leiðrétta hugsana-skekkjur, til dæmis breyta hugsuninni „barnaafmælið

verður að vera flott“ í „það verður barnaafmæli og það verður eins flott og ég ræð við þá stundina“.

Ef það er fullkonnunarárátta sem þú ert að mestu að glíma við, þá gætirðu þurft að æfa þig í að gera mistök. Það er gert með því að mæta einni mínútu of seint, sleppa því að þurrka blett úr buxunum þínum, eða kaupa köku í staðinn fyrir að baka hana óaðfinnanlega sjálf. Og nú er ég aldeilis ekki að halda því fram að aðkeypt kaka sé mistök, síður en svo. Ég er einungis að benda þér á að þú þarft að horfast í augu við ótta þinn, hugsa hugsunina til enda og æfa þig í því sem þú vilt helst ekki þurfa að dila við. Ef það er aðkeypt kaka,

nú þá er númerið hjá Myllunni 510-2300.

Íhugaðu að biðja um aðstoð

Nú þekki ég þig ekki en mér finnst spurningin hljóma eins og þú eigir ekki auðvelt með að biðja um aðstoð, eða að tengslanet þitt bjóði ekki upp á slíkt. Sennilega hefur þú leitt hugann að því sjálf, en er einhver möguleiki að þú getir hagrætt verkefnum með aðstoð? Hvað hafið þið hjónin rætt í tengslum við þetta? Getið þið skipt álaginu á heimilinu meira niður? Býður fjárhagurinn upp á þrífþjónustu? Kann makinn þinn að baka? Með öðrum orðum: Að útdeila öllum þeim verkefnum sem þú mögulega getur.

Stundum er hægt að leysa vanda af þínu tagi með Excel, skipulagi og forgangsröðun. Það er samt eitthvað sem segir mér að þú sért búin að hámarka slíka nýtingu, en ef ekki þá gæti verið ráð að skoða hvort hægt sé að nýta slíkt til hagræðingar. Sum pör gera lista yfir allt það sem liggur fyrir, það þarf að setja í þvottavél, skutla og sækja, mæta á foreldrafund, bjóða tengdó í mat,

ryksuga og skúra. Öll verkefni eru sett upp í lista og svo er þeim skipt jafnt á milli og öllu smellt inn í Calendar. Svona skipulag hefur í alvörunni bjargað mörgum hjónaböndum, einfaldað mörgum ofurkonum lífið og dregið úr streitu á heimilum.

Þetta verður ekki alltaf svona

Ofurkonan er tímabundið ástand. Það stendur yfir á meðan börnin eru lítil og húsnæðislánin eru í botni. Þó það lagi ekki pressuna í dag, þá finnst sumum gott að hugsa þetta sem tímabil í lífi sínu, erfitt en gefandi tímabil. Eftir því sem börnin verða eldri og sjálfstæðari, háskólanámið klárast og barna-herbergjunum fækkar á heimilinu, þá hægist á. Þetta verður ekki alltaf svona og þá munt þú líta til baka og vonandi hugsa: „Mikið var ég dugleg, hvernig fór ég að þessu?“ ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.



Á ferð um landið

HVERAGERÐI

Hveragerði er dásamlegur staður og tilvalið fyrir þá sem vilja komast út fyrir höfuðborgina og njóta smábæjarstemmingarinnar án þess að keyra langt að kíkja þangað. Aðalgatan, Breiðamörk, er skemmtileg gata og þar er að finna ýmsa áhugaverða veitingastaði og kaffihús.



MYND/ERNIR



MYND/FACEBOOK HEILSUSTOFNUNINN HVERAGERÐI

HEILSUSTOFNUNIN HVERAGERÐI

Heilsustofnunin er dásamlegur staður sem allir verða að prófa að heimsækja. Hádegismaturinn þar er stórkostlegur og þá sérstaklega á sunnudögum. Salatbarinn er sá besti hérlendis og hnetusósan algjört dúndur. Hver sem er getur komið og keypt sér mat í matstofnunni. Hægt er að sjá matseðilinn á hnl.is. Oft er hægt að kaupa fiskibollur og annað hollmeti til að taka með heim. Einnig er sundlaug á staðnum og hægt að bóka sig í leirbað sem er einstaklega afslappandi og gott fyrir húðina. Lokað er fyrir almenning um sinn, bæði í Matstofu Jónasar og í Baðhúsið en hægt er að fylgjast með á heilsustofnun.is hvenær aftur verður opnað fyrir almenning.



MYND/FACEBOOK FLÓRA GARÐYRKJUSTÖÐ

FLÓRA

Gróðrarstöðin Flóra, sem hét áður Garðyrkjustöð Ingibjargar, er ákaflega ánægjulegur viðkomustaður. Þar má kaupa bæði sumarblóm, stofublóm og fjölrærar plöntur auk trjáa. Verðið er yfirleitt nokkuð lægra en í verslunum í höfuðborginni og starfsfólkið er einstaklega liðlegt.



HÓTEL ÖRK

Hótel Örk opnaði nýja 78 herbergja álmu árið 2018. Hótelíð hefur gengist undir afbrigðis yfirhalningu og býður meðal annars upp á pakkaferðir með fjórhjóliferð innifalinni. Einnig er sundlaug á hótelinu og veitingastaðurinn Hver.

MATKRÁIN

Smurbrauðsstaðurinn Matkráin er staðsettur við aðalgötuna í Hveragerði. Eigendur staðarins eru engir aðrir en Jakob Jakobsson og eiginmaður hans Guðmundur Guðjónsson sem stofnuðu og ráku lengi Jómfrúna. Staðurinn er ákaflega vinsæll en nú þegar er gjarnan röð út á götu um helgar. Matkráin er smekklega innréttuð að skandinavískum hætti og matseðillinn virkilega girnilegur auk þess sem þar fæst gott úrval af kökum. Kjúklingsalatssmurbrauðið og djúpsteikti camembertinn þykja áberandi góðir réttir, að ógleymdri purusteikinni.



MYND/FACEBOOK MATKRÁIN

RÓSAKAFFI

Kaffihús, ísbúð og blómabúð eru í gróðurhúsi við Breiðamörk. Þar má gjarnan finna falleg og framandi pottablóm á góðu verði. Á Rósakaffi fæst einnig sykurlaus ís úr vél.



MYND/EYÞÓR

REYKJADALUR OG DALAKAFFI


Rétt ofan við Hveragerði er Reykjadalur. Fallegur dalur með náttúrulegum og er það vel þess virði að leggja á sig göngu til þess að smella sér ofan í heita laugina og njóta guðsgrænnar náttúrunnar. Best er að keyra inn að Dalakaffi og leggja þar og ganga upp Rjúpnabrekkur og áfram upp í Reykjadalinn. Tilvalið er að stoppa svo á kaffihúsinu í bakaleiðinni og njóta góðra veitinga.



MYND/FACEBOOK ÖLVERK

ÖLVERK

Pitsustaðurinn Ölverk hefur verið ákaflega vinsæll allt frá því að hann var opnaður fyrir þremur árum. Staðurinn er ákaflega frumlegur og hefur meðal annars boðið upp á kívipitsu og pretsel með bjórídýfu. Á Ölverki er að finna sérbruggaðan bjór en misjafnt er hvaða tegundir eru í boði hverju sinni. Hægt er að bóka skoðunar- og smakkferð um brugghúsið og jafnvel enda á pitsuveislu fyrir litlar 5.200 krónur. Lágmarksfjöldi til að bóka slíka smakkferð er 10 manns.



MYND/TM

GRÆNAMÖRK

Gróðrarstöðin Grænamörk selur ekki beint til gesta og gangandi en hefur sett upp lítinn bás fyrir utan gróðurhúsið þar sem viðskiptavinir geta nálgast sumarblóm og frægu jarðarberjaplönturnar þeirra og nýttind jarðarber. Einnig hafa fengist þar svört tóbakshorn sem eru engu lík!

HELGAR KROSSGÁTAN

			DRÍFA	SEPPI MÓT- SPYRNA		Hljóð- færi	SNÍÐA		RYSKINGAR BLAÐ		
		MÁLDAGI				4					SKIN
		MYNT							UNGVÍÐI		
		BRÝNA							MAÐUR		
		FRIDUN HVAÐ				2			MJÖG TULDUR		
	SKAÐI FÆÐI		BRIM MÁL					SELLA		EGÓ	
GÁ HAFNA					ÓSK	YLUR		PÍÐA JARÐAR		1	
					STAMUR FRJÁLS					DIMMA	SKORIÐ
ÓKYRRÐ	RISPA ALDIN						SJÚK- DÓMUR				
					ÖRÆÐ SNÚNINGUR			ÖGN RÆÐU		3	
BOR		Í RÖÐ SPIL			GLEÐJAST		VINNU				
							HRIKTA	ANGRA		LÖSKUN	KOSNING
BEITTUR	ÞORPARA VERKFÆRI						JARÐBIK MÓTLÆTI				BIÐJA
					ARGUR SÝKING					SAMPYKKI EYÐING	
DEYFÐ	HJARTAR- DYR		FANGA					VIÐUREIGN HRISTA			
					SKORDÝR SVALI			DEILA SKEIFA			6
SLAPPI REGLUR					GLÚRINN RÉNUM						MÆÐI
		SKYLDI TAUG			7			KRYDD TVEIR EINS			
GLUNDUR					ANNÁLL					NUGGA	
	SEFAST						BOGA- SKEMMA				



Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Sigurður Scholten, Garðabæ.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er Uppskriftabók föður míns eftir Jacky Durand.

Julien elst upp í litlu veitingahúsi við lestarstöð í franskri sveit. Töfraheimur eldhússins heillar hann frá unga aldri og hann þráir ekkert heitar en að feta í fótspor listakokksins þabba síns. En skapstirður faðirinn, sem burðast með sára reynslu úr fortíðinni, hefur aðrar og háleitari hugmyndir um framtíð sonarins.


Uppskriftabók föður míns er ljúfsár og hjartnæm þroskasaga, full af unaðslegri matargerð, flóknum tilfinningum og vandlega gröfnum leyndarmálum.

Jacky Durand hefur um árabil fjallað um franska matargerðarlist í dagblaðinu Libération og á útvarpsstöðinni France-Culture. Þetta er fyrsta skáldsaga hans og hefur hún hlotið afar góðar viðtökur í heimalandinu.

Ólöf Pétursdóttir þýddi.

SU DO KU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:



	3	9			1	8	
			8			2	
		8		1	7	6	
2			5			6	9
8			7		5		
	6			9			
	7		1	2			
5					3	7	

			4				
3	9						1
			8		1	6	
		3					
8		9	5		3		6
4					2	5	7
				6		2	
5		2	1				8
9	8						

Lausn síðustu helgarkrossgátu

			R	L	A	T	P				
			G	E	L	A	T	I	N	S	
			Ö	R	L	O	F	L	V	J	A
			E	L	S	T	Á	T	Ö	K	
			N	A	U	M	R	I	T	R	
			J	G	R	E	I	N	T	R	
			B	A	S	L	U	G	I	N	
			V	A	N	K	A	T	Ó	P	A
			P	E	R	Ú	K	V	I	Ð	I
			S	T	A	K	O	F	A	R	V
			Ó	P	R	E	N	A	R	O	A
			A	V	Ó	Ð	A	R	A	M	P
			H	I	R	S	L	A	M	Ö	R
			B	U	Ð	U	Y	M	S	A	R
			G	S	Á	Ð	K	S	J	Ó	N
			B	D	R	U	N	A	M	A	N
			L	A	G	A	R	F	R	Æ	Ð
			N	Æ	L	O	N	K	L	I	Ð
			R	A	T	S	J	Á	S	O	R

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt, gildi það sama og í öðrum sudoku, að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

9		8				1		6
	3					5	2	
6	9		2					7
				3		7		
			1		4			
		5		7				
3					5		6	2
	6	1					3	
5		3				8		1

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15						16				
17					18			19		
			20	21			22			
23	24	25		26			27	28	29	30
31			32			33				
34						35				
36						37				
38						39				

LÁRÉTT

- tólf tylftir
- sleppa
- snúa heyi
- fjölbreytni
- afspurn
- snjóhrúga
- týna
- kvk. nafn
- band
- óður
- málmur
- spergill
- rijúka
- átt
- ryk
- lítil bátur
- gælunafn
- áratata
- lykt
- flandur
- skel
- naga
- froskur

LÓDRÉTT

- botnfall
- píla
- tíðar
- minnka
- viðskipti
- lumbra
- afl
- dimmt
- á kvíði
- heilan
- orga
- bresta
- býfur
- misjafn
- gösla
- fæddar
- nýr
- skraut
- rannsaka
- lampi
- umrót

STAFARUGL

Leynigeturinn í síðasta stafarugli var sjálf höfuðborgin **REYKJAVÍK**. Ólíklegt verður að telja að hún sé efst á lista fólks að heimsækja í sumar, frekar að fólk muni streyma þaðan en þangað.

En núna styttest óðum í 15. júní og svolítill merki á lofti um að hægt verði eftir þann tíma að komast jafnvel til útlanda, þótt ekki verði það hvert sem er þetta sumarið. Eins er fyrsta ferðahelgi landsmanna „innanlands“ að baki, skólum fer senn að ljúka og sumarveruleiki okkar smám saman að síast inn.

Munu allir námsmenn fá vinnu í sumar? Hvað verður

um ferðapjónustuna? Mun ég missa vinnuna? Eða kemst ég kannski til Kanaríeyja í sumarfríinu? Allt veltur þetta á mörgum þáttum sem við fáum ekki svo auðveldlega við ráðið en eðlilega leita á hugann.

Hér eru talin upp líkt og vanalega 19 af þessum 20 orðum sem á að finna í stafaruglinu en leynigeturinn að þessu sinni er harla ólíklegur til að leita á huga fólks núna eða alveg í bráð, en þegar nær honum dregur gæti hann orðið mörgum kvíðavaldur, þótt við getum engan veginn um það spáð, því svo óvíst er hvernig mál munu þróast næstu misserin.

útihátið ættarmót atvinnuleysi utanlandsferð	stúdent þjóðhátið blankheit hótel	hvalaskoðun Þórmörk sumarvinna heimavinna	verslunarmanna- helgin sumarbústaður bændagisting	háskóli sumarfrí atvinna Þingvellir
---	--	--	--	--

R	K	H	B	O	Á	N	Ð	D	E	Y	P	R	T	F	B	G	S	Ý	H	Ý	D	Ú	Ú	B	S	X	K	G	D
P	Á	V	O	Ý	O	Ú	Y	Ú	Y	U	D	Ó	B	V	M	S	É	É	N	K	V	J	F	E	X	D	V	Ó	Ú
O	Á	O	F	V	L	D	I	B	O	Ð	J	G	P	S	K	U	X	P	Ó	V	S	H	B	F	N	A	A	S	
E	S	Y	L	Ú	L	V	R	H	P	N	L	X	Ú	Ú	Ð	Á	I	M	H	Y	A	G	U	O	D	Á	O	Ú	X
É	D	V	R	J	Y	Í	T	U	I	P	G	V	Ó	Y	I	G	E	Ú	A	S	G	P	J	M	M	U	H	E	Ý
F	S	V	Ý	G	T	N	H	T	O	N	Ú	T	Á	S	N	G	F	P	B	R	F	A	H	Y	A	Ú	I	S	E
I	L	A	N	J	Ó	S	V	A	A	P	Ó	I	M	U	R	Y	Í	O	T	V	G	S	N	A	R	D	Ú	Y	
Á	Ý	I	V	U	D	K	A	N	T	Ú	Y	I	R	E	B	G	Á	A	Y	G	T	I	X	Y	Ú	Á	F	O	P
Ý	B	U	E	K	K	N	L	L	Y	Ý	E	H	R	Ý	Í	V	S	B	Ð	I	H	Ð	N	G	E	E	H	R	F
L	Ó	K	A	X	Á	D	A	A	S	Ý	Ú	Ð	X	U	K	H	U	J	X	R	P	Á	N	X	Ú	S	K	Í	
D	U	O	B	D	R	Ð	S	N	Ý	R	R	Ú	T	Ð	R	I	K	F	M	J	K	O	J	L	A	K	Í	Ó	I
Ú	I	P	Ð	V	E	R	K	D	Ó	H	Ú	D	V	Ö	X	X	E	U	L	A	Y	T	É	Y	U	K	B	F	F
Ð	L	Ý	V	H	O	M	O	S	D	Ó	T	O	M	F	Y	U	T	Ó	H	Ð	R	H	Ú	V	J	Ó	L	I	N
R	Ú	A	É	E	Ó	X	Ð	F	M	O	Y	S	Ó	H	O	N	B	O	A	L	B	B	K	A	B	B	N	Ú	K
O	L	Ó	Í	J	R	Í	U	E	Ð	N	R	R	O	P	V	O	D	N	V	Ý	P	K	Ú	I	H	F	G	O	L
G	N	H	Ú	S	Á	S	N	R	Y	Ó	Í	Ú	O	Í	K	A	D	S	Ú	V	É	V	Ú	S	Á	X	U	Ð	F
G	S	M	H	S	T	Í	L	Ð	P	V	O	Y	T	B	P	Ú	D	Ð	P	T	I	Í	Ú	L	T	Í	Ú	N	I
B	T	L	J	T	É	U	É	U	L	L	D	M	X	I	K	A	Ú	G	Ú	T	G	Ú	P	Á	T	A	H	J	S
N	R	Y	P	Ý	Ý	X	O	K	N	É	F	Ð	L	U	H	D	P	Y	X	M	J	A	L	X	U	R	Ð	J	P
J	Í	Ð	K	H	H	D	S	V	N	A	Y	F	L	B	É	Á	Ý	A	E	U	O	X	Ý	Y	L	Í	N	U	Ú
M	V	Á	H	Á	Y	A	K	U	N	I	R	J	X	V	K	D	T	V	T	H	T	L	Ð	V	Í	I	T	M	R
S	L	X	H	T	N	I	T	X	M	M	Í	M	É	Ú	H	I	Í	Í	G	E	Ð	E	K	É	F	G	K	Í	
T	X	I	D	A	Y	A	A	V	N	E	F	L	A	N	A	U	M	S	Ð	I	Ó	I	F	Ú	S	Ý	D	T	P
Ó	Ú	E	L	B	M	Ð	V	H	I	N	Y	Ð	L	N	Y	L	I	D	K	M	T	E	M	Ú	X	É	Á	S	L
A	P	X	M	K	Í	M	G	Á	N	N	Á	P	A	T	N	U	Á	Ý	Y	I	D	G	K	A	Ý	Ý	A	M	J
P	J	Ó	Ð	H	Á	T	Í	Ð	Ó	P	N	E	X	Á	N	A	Y	Y	J	Ý	S	V	J	T	V	J	H	G	B
I	L	Ý	V	N	Á	D	P	N	Ý	I	Ð	U	Ð	J	G	M	H	D	H	I	Ð	K	Ó	É	D	I	M	Y	Y
B	L	A	E	X	Í	L	J	F	Á	N	L	K	L	V	E	V	D	E	N	V	N	F	P	S	H	S	N	X	B
B	M	N	V	H	J	O	D	N	T	G	Ð	K	U	E	Ý	R	T	Æ	L	T	H	R	Ú	A	Ó	B	Á	N	L
H	Æ	H	Ó	Ý	P	Ó	I	L	M	V	G	H	Ó	É	Y	A	R	Í	T	G	P	M	Ó	Ý	X	D	N	V	A
S	Á	N	Ú	S	J	L	P	S	P	E	E	O	B	I	A	S	I	L	B	T	I	U	J	E	Í	Ð	O	A	N
T	F	S	D	D	M	B	N	N	S	L	H	E	M	E	H	G	I	Ó	L	Ý	A	N	Ú	H	I	A	X	R	K
Ú	X	J	K	A	L	I	V	I	N	L	J	S	E	X	Ú	S	Í	X	R	Ú	Ó	R	D	E	V	T	Ó	U	H
D	Ú	F	U	Ó	G	Í	O	S	M	I	M	S	Ú	N	G	X	Ý	K	J	D	L	E	M	Á	Y	V	I	N	E
E	Ð	S	R	R	L	Í	F	R	Ð	I	B	U	Ý	L	B	X	D	D	F	V	Ú	Ó	R	I	X	Y	I		
N	Á	S	H	V	T	I	S	K	Ý	É	D	L	Y	L	V	L	K	J	L	Ú	É	Ð	F	Í	T	N	M	I	T
T	H	T	G	M	V	Ú	Ú	T	S	I	Ó	M	E	Y	S	A	B	Ð	R	Ú	D	E	Ý	Á	T	N	A	H	E
R	E	Ú	Í	J	G	S	Ú	H	I	L	S	T	L	Á	E	I	Ý	U	Y	F	Ý	M	K	G	E	A	T	V	M
Ú	D	S	Ý	P	Á	M	F	F	A	N	Ó	N	Ý	Í	X	N	Ð	H	A	I	T	Ý	N	H	D	R	Ð	S	R
H	Ó	Á	Ý	Ú	K	N	T	D	M	H	G	K	N	E	T	S	A	É	F	Ú	R	E	Ó	O	A	T	X	G	G



GÖNGUM INN Í SUMARIÐ



Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað



MYND/STEFÁN

BRÍET

Ein efnilegasta söngkona landsins er á lausu. Bríet Ísis Elfar vakti fyrst athygli í Iceland Got Talent og var valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2019. Hún var um árabíl í sambandi með Halldóri Karlssyni, sem hefur gert garðinn frægan í ýmsum íþróttum og líkamsrækt.



MYND/EYÞÓR

HÖGNI EGILS OG SNÆFRÍÐUR INGVARSS

Snæfríður Ingvarsdóttir, ein efnilegasta leikkona landsins, og hinn hæfileikaríki Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, hættu saman eftir sex ára samband. Snæfríður útskrifaðist úr leiklist frá Listaháskólanum vorið 2016 og hefur síðan slegið í gegn í hverju leikverkinu á fætur öðru og var tilnefnd til Eddunnar, strax ári eftir að hún útskrifaðist.



MYND/SIGTRYGGUR ARI

GURRÝ ÞJÁLFARI

Guðríður Torfadóttir, eða Gurrý eins og hún er kölluð, er nýskilin að borði og sæng við eiginmann sinn til sautján ára. Gurrý er einn vinsælasti þjálfari landsins og var þjálfari í raunveruleikabættinum Biggest Loser Ísland.

Skilnaðir fræga fólksins á tímum kórónaveirunnar



MYND/AÐSEND

KRISTÍN ÝR

Fyrirverandi fréttakonan og almannatengillinn Kristín Ýr Gunnarsdóttir er laus og liðug – bæði við COVID og karlmenn. Kristín fékk veiruna en er frísk og á lausu. Hún og alþingismaðurinn Kolbeinn Óttarsson Proppé höfðu verið að rugla saman reytum.

Fjöldi sérfræðinga hefur spáð aukinni skilnaðartíðni í kjölfar kórónaveirufaraldursins. Hér gefur að líta þekktu Íslendinga sem skildu eða slitu ástarsamböndum á tímum kórónaveirunnar. Nú taka vafalaust við nýir og spennandi tímar hjá þessu efnilega og eftirsóknarverða fólki.



MYND/AÐSEND

MANUELA OG JÓN DANSARI

Athafnakonan og áhrifavaldurinn Manuela Ósk Harðardóttir og dansarinn Jón Eyþór Gottskálfsson hættu saman, eftir um hálfis árs samband. Þau kynntust eins og frægt er orðið í þáttunum Allir geta dansað á Stöð2.



MYND/AÐSEND

HANNA STÍNA
INNANHÚSSARKITEKT

Einn vinsælasti innanhússarkitekt landsins, Hanna Stína Ólafsdóttir, er nýskilin og á lausu. Hanna Stína er mjög eftirsótt fyrir smekkvísi sína og einstakt auga fyrir fegurð og notagildi. Hún er vinsæl og vinmörg, enda geislar af henni hvar sem hún fer.



SKJÁSKOT/FACEBOOK

ANNA LILJA OG GRÍMUR

Athafnakonan Anna Lilja Johansen og Grímur Alfreð Garðarsson, einn eigandi Best Seller veldisins, fóru sitt í hvora áttina fyrir stuttu. Anna Lilja þykir ákaflega smekkleig og hefur komið að stofnun fatahönnunarmerkja á borð við Another Creation, en hún lauk nýverið mastersprófi í fjármálum.



SKJÁSKOT/YOUTUBE

BRYNJÓLFUR LÖVE OG KRISTÍN PÉTURSS

Áhrifavaldarið Brynjólfur Löve Mogensen og Kristín Pétursdóttir hættu saman í vor. Þau voru eitthvert vinsælasta par Íslands og mjög dugleg að deila myndum og myndskaiðum hvort af öðru á samfélagsmiðlum. Brynjólfur starfar sem markaðsstjóri KIWI og Kristín er leikkona.

SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT **Dagur B. Eggertsson**

STJÖRNUSPÁ **Vikan 05.06. – 11.06.**

Þakklæti er ákveðinn galdur út af fyrir sig

Á þessu sinni fannst okkur viðeigandi að spá fyrir einhverjum í Tvíbbamerkinu og því völdum við engan annan en Dag B. Eggertsson borgarstjóra. Lúna Fírenza spá-kona DV lagði spilin á borðið fyrir hann.

Tvíburanum finnst ekki leiðinlegt að tala og er hann þekktur fyrir sjarmann sinn. Tvíburinn er tilfinningavera þótt hann reyni að láta lítið á því bera. Hann á það til að hafa gaman af því að afla sér upplýsinga um ýmis málefni sem snerta ekki hans daglega líf og er því oft að tjá sig um ýmis málefni í óspurðum fréttum. Tvíburinn er klár og listrænn. Helsti ókostur hans er sveiflukennt skap, sérstaklega þegar hann eru svangur!

Sólin
Lykilorð: Jákvæðni, skemmtun, hlýja, velgengi, lífspróttur

Sólarspilið geislar af bjartsýni og jákvæðni. Stór, björt sól skín á himni og táknar uppsprettu alls lífs á jörðinni. Þetta er happaspil sem mikil orka fylgir. Nú er sérlega góður tími til að takast á við nýtt verkefni því spilið lofar góðri niðurstöðu í því máli.

Tvistur í Bikurum
Lykilorð: Samstarf, jafnvægi, jafnrétti, tenging, tilögur, tengsl, gagnkvæm virðing

Miðað við spilið sem kom hér að ofan finnst mér þetta vera táknrænt um að ákveðinn aðili muni leika lykilhutverk í þessu stóra verkefni sem þú ert að taka þér fyrir hendur. Í þessu samstarfi mun ríkja gagnkvæm virðing, sem mun ýta undir velgengi verkefnisins. Mundu að sýna þakklæti, því það er ákveðinn galdur út af fyrir sig.

Myntás
Lykilorð: Birtingarmynd, fjármálatækifæri, fagkunnátta

Þú ert í viðskiptaham, en spilin virðast öll fjalla um plön, áætlanir og ný verkefni. Gott er að setja sér skýr markmið og jafnvel huga að færri málum í



MYND/ANTON BRINK

Skilaboð frá spákonunni

Taktu þér góðan tíma til þess að sjá fyrir þér framtíðina og næstu skref. Hverju vilt þú koma í verk á næstu 12 mánuðum?

einu til þess að klára og sinna þeim vel. Tvíburinn er gjarnan með „vott“ af athyglisbresti og því þarf hann að einbeita sér meira en aðrir til að klára málin.

Svona eiga þau saman

Eiga von á barni

Athafnamaðurinn Fjölur Þorgeirsson og Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri RÚV, eiga von á barni. DV lék forvitni á að vita hvernig þau passa saman ef lítið er til stjörnumerkjanna.

Margrét er Fiskur en Fjölur er Krabbi. Bæði merkin eru umburðarlynd og full af samkennd. Krabbin og Fiskurinn tengjast sterkum tilfinningaböndum, venjulega um leið og þau líta á hvort annað. Krabbin skilur viðkvæma hlið Fisksins betur en nokkur annar.

Krabbin er skapandi og hugmyndaríkur. Fiskurinn smitast af þessari einstöku orku sem geislar af Krabbanum. Styrkleiki Fisksins er að opna augu Krabbans fyrir andlegum mállefnum, þar sem Krabbin getur verið aðeins of hrifinn af því efnislega.

Þegar Fiskurinn verður hræddur þá gleymir hann gjarnan að segja sannleikann. Það er því gott að Krabbin er ekki ágengur þar sem svar Fisksins yrði líklegast ósatt. Þó svo að Krabbin og Fiskurinn sjái fyrir sér ólík heimili, þá ná þau markmiðum sínum ef þau vinna saman. Tenging þeirra er djúp og það þarf ansi mikið til að setja hana úr jafnvægi. ■



MYND/ADSEND

Margrét Magnúsdóttir
1. mars 1984

- Fiskur**
- Ástúðleg
 - Listræn
 - Vitur
 - Blíð
 - Dagdreymin
 - Treystir of mikið

Fjölur Þorgeirsson
27. júní 1971

- Krabbi**
- Þrjúskur
 - Hugmyndaríkur
 - Traustur
 - Tilfinningavera
 - Skapstór
 - Óöruggur

♈ Hrútur
21.03. – 19.04.

Vá, þú ert svo peppuð/aður fyrir lífinu að þú þarft að hægja aðeins á þér og beina athygli þinni að færri atriðum. Þannig ertu líklegri til þess að ná árangri og halda verkefni út. En ég er ánægð með þennan lífskraft þannig að bara KOMA SVO!

♉ Naut
20.04. – 20.05.

Hey, big boss. Þó að þú hafir fengið endurgreitt frá skattinum þá ertu ekki P Diddy. Settu seðla-búntið aftur í rassvasann og hugaðu frekar að því að borga niður yfirdráttarheimildina eða safna til þess að fjárfesta í steypu. Jæja þá, þú mátt kaupa eina gullkeðju.

♊ Tvíburar
21.05. – 21.06.

Það er svo mikill heilunarandi yfir þér að þú ert að spá í að bæta við „gúrú“ fyrir framan nafnið þitt. Það er ókei, en hafðu hugfast að þú ert ekki heilagari en nágrenni þinn. Við erum samt ánægð með hvað þú er glöð/glaður í hjartanu. Sú stemming er smitandi.

♋ Krabbi
22.06. – 22.07.

Gefðu eftir! Þú þarft ekki að stjórna öllu í kringum þig og þegar þú gefur eftir, þá finnur þú hvernig hlutirnir raðast betur upp. Slepptu taumnum og gerðu eitthvað klikkað í vikunni. Ég mana þig!

♌ Ljón
23.07. – 22.08.

Elsku ljón/ynja. Þessi vika er uppfyll af uppgötvunum! Þú ert loks að fatta að með því að gefa sjálfri/um þér tíma til að blómstra, verður þú í öllum þeim hlutverkum sem þú sinnir í lífinu. Vökvaðu eigin garð með grænu þrumunni!

♍ Meyja
23.08. – 22.09.

Meyjan er þekkt fyrir að vera fullkominarsinni, svo mikið að það angrar þig ekkert smá að það séu stafsetningarvillur í þessari setningu. En hey, við erum hér til að minna þig á að gallar sem þú sérð í öðrum og öðru í kringum þig, eru spegilmynd. Því meira sem þú samþykkir þig sjálfa/n, því fallegri verður heimurinn með öllum sínum kostum og göllum...

♎ Vog
23.09. – 22.10.

Höfuð þitt er óvenju ofarlega, svífandi á bleiku skýi. Í rauninni nennir þú varla að sinna raunveruleikanum. Það er frábært en mikilvægt að finna rétta jafnvægið í því að leika, hlæja, „haffa gaman“ og sinna því sem sinna þarf.

♏ Sporðreki
23.10. – 21.11.

Það er svo ótrúlega mikill styrkur í því að sýna veikleika sína og biðja um aðstoð. Réttu út höndina, hringdu í ömmu/afa/mömmu/pabba/vinkonu eða þess vegna nágrennann. Við erum öll svo til í að hjálpa þér eins og Dr. Phil sagði eitt sinn: „Help me help you!“

♐ Bogmaður
22.11. – 21.12.

Sjálfsást getur líka verið í formi þess að sleppa tökunum og finna ró í kaosinni. Þú ert mjög metnaðarfull/ur í öllu því sem þú tekur þér fyrir hendur, en nú máttu setja þessa orku sem þú setur í allt í kringum þig inn á við og rækta eigin garð...

♑ Steingeit
22.12. – 19.01.

Stjörnurnar bjóða þér inn í mýktina þessa vikuna. Þegar maður er langþreyttur, þá fá þeir sem eru manni næstir að finna hvað mest fyrir því. Vandaðu orðin þín og kjóstu bara þá bardaga sem skipta máli. Æfðu þig í að sleppa og bara telja: uno, dos, tres, quatro.

♒ Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Hentu Snapchat-appinu. Gerðu það bara núna! Minnkaðu áreiði í lífi þínu og já, það þýðir að þú mátt „blokka“ tengdamömmu þína þessa vikuna. Þú þarft ekki að þóknast öllum. Settu kraft í að þóknast sjálfum þér.

♓ Fiskur
19.02. – 20.03.

Ólíkt Vatnsberanum þá máttu ekki „blokka“ neinn þessa vikuna, heldur öfugt. Taktu upp tólið og heyrðu í vinum þínum og vinum þeirra og fjölskyldunni. Ef þú færð tækifæri til þess að hugsa upphátt og pústa aðeins, þá minnka þessi vandamál sem eru í hausnum á þér.

UNDRABARNIÐ AF ÁLFTANESINU

Alex Þór Hauksson spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir Stjörnuna aðeins 17 ára gamall eftir að hafa byrjað ferilinn á Álftanesi og vakti þar verðskuldaða athygli.

Victor Pálsson
dv@dv.is

Alex Þór Hauksson er íslenskur knattspyrnumaður sem landsmenn eru farnir að kannast við eftir fjögur góð ár í efstu deild með Stjörnuni.

Alex spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir Stjörnuna aðeins 17 ára gamall, eftir að hafa byrjað ferilinn á Álftanesi og vakti þar verðskuldaða athygli.

Það kom kannski mörgum á óvart þegar nafnið Alex Þór Hauksson var á leikskýrslu og jafnvel í byrjunarliði Stjörnunnar fyrir fyrsta leik í Pepsi-deildinni árið 2017.

Alex lék heila 17 deildarleiki það tímabil og vakti verulega athygli fyrir frammistöðu sína. Síðan þá hefur Alex haldið sæti sínu sem lykilmáður í sterku liði Garðabæinga.

Við fengum þennan stórnafnilega miðjumann til að rifja aðeins upp ferilinn til þessa og hvað gerði hann að þeim leikmanni sem hann er í dag.

„Ég var í Álftanesi í yngri flokkum og þar var ég algjör meðaljón, ég var bara ágætur, alltaf í A-liði, en aldrei bestur eða neitt þannig. Það var ekki fyrr en í fimmta flokki sem ég byrjaði að fá brennandi áhuga á þessu og var alltaf úti á velli.“

Það var í fimmta flokki sem ég áttaði mig á því að þetta væri það skemmtilegasta sem ég geri. Síðan þá hef ég verið með hrikalega mikla ástríðu fyrir þessu.“

12 ára með meistaraflokki

Það eru ekki allir knattspyrnumenn, í raun mjög fáir, sem geta montað sig af því að hafa spilað meistaraflokksleik aðeins 12 ára, Alex fékk óvænt tækifæri árið 2012 þegar Álftanes spilaði í 3. deildinni.

Alex kom inn á sem varamaður þegar örfáar mínútur voru eftir, en Álftanes tapaði þeim leik 5-1 gegn Hugin. Við fengum hann til að fara aðeins yfir hvað gekk á og af hverju 12 ára gutti væri að spila leik í meistaraflokki.

„Ég var 12 ára og Þórhallur Dan var þá þjálfari í meistaraflokki. Álftanes var í þriðju deildinni og það var þunn í mannskapnum á þeim tíma og enginn 2. eða 3. flokkur. Þetta var næsti flokkur á eftir og það vantaði nafn til að fylla upp í skýrslu. Valið stóð á milli mín og Magga Bö, vallarstjóra KR, og Þórhallur treysti mér fyrir því hlutverki að vera á bekknum, sem ég skil enn þá ekki í dag.“



Alex er fæddur árið 1999 og því rétt liðlega tvítugur.

MYND/ANTON BRINK

Þeir sem hafa séð Magga Bö í strikernum vita að hann skilar alltaf mörkum! Ég hef ekki lagst í neina rannsóknarvinnu til að finna út hvort þetta sé met eða ekki en ég efa það. Mér finnst það alveg hæpið! Þetta var hvað, 2012, ég var 12 ára að verða 13.“

Alex er aðeins tvítugur að aldri og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér. Það er þó ekki óalgengt að leikmenn séu farnir út á því aldursári.

Blaðamaður spurði Alex út í áhuga að utan og einfaldlega af hverju hann væri enn að spila á Íslandi.

„Það er nú bara þannig að þetta er flókið og þú þarft að vera á réttum tíma á réttum stað og það hefur ekki gerst hingað til, en það hefur ekki mikið verið að gerast ef við tökum þessi fjögur ár. Þetta hefur verið eitthvað hér og þar en ekkert alvöru áþreifanlegt. Núna fór allt í stopp út af COVID, en við sjáum hvað gerist. Það er klárlega mitt markmið að fara út og ég vona að ég nái því fyrr en seinna.“

Tveir aðalþjálfarar

Það verður öðruvísi kerfi hjá Stjörnuni á þessu tímabili, enda verða tveir aðalþjálfarar á hliðarlínunni: Ólafur Jóhannesson og Rúnar Páll.

Óli Jó, eins og hann er kallaður, var síðast þjálfari Vals og vann Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð.

Hvernig tekur Alex í þessa breytingu og horfir hann á annan þeirra sem aðalþjálfara?

„Rúnar hefur alltaf verið við stjórnvölinn með góðan aðstoðarmann, en við höfum breytt um aðstoðarmann á hverju tímabili, þeir komu með sínar áherslur og hafa allir verið frábærir. Ég treysti honum 100 prósent fyrir því að finna einhvern traustan í starfið og svo kemur þetta, tveir aðalþjálfarar, Óli Jó og Rúnar. Ég varð um leið mjög spenntur. Maður hefur heyrt af færni Óla og ég veit hvers megnugur Rúnar er.“

Fyrir mér eru þetta bara tveir aðalþjálfarar og mér finnst þeir skipta þessu vel á milli sín. Þetta virkar sem einn maður og fyrir mér er enginn undir eða yfir. Ég vorkenni persónulega línuverðinum sem verður okkar megin!“

Draumaliðið

Á léttu nóttunum báðum við Alex um að velja sitt fimm manna draumalið skipað leikmönnum Stjörnunnar – enda hefur miðjumadurinn leikið með ófáum góðum spilurum í Garðabæ.

Alex fær sjálfur pláss á miðjunni og valdi hann fjóra góða til að fylla upp í stöðurnar.

„Vá, þetta er spurning, ég

hef aldrei hugsað út í þetta. Ég tek Halla [Harald Björnsson] í markið, hann er semi auto. Hann er kominn í skepnuform með Rajko [Stanisic] sem markmannsþjálfara og verður svakalegur. Við erum að tala um Danna Lax [Daníel Laxdal] í miðverðinum. Danni er með besta leikskilning sem ég veit um, hann les leikinn fáránlega vel og er með þessi villtu hlaup fram á við, sem brjóta upp varnir andstæðinganna. Þá tek ég Hilmar Árna [Halldórsson] með mér á miðjunna. Það er frekar sjálfgefið, hann skorar og leggur upp mörkin. Ætli við tökum ekki bara villidýrið Guðjón Baldvinsson frammi til að þjósnast. Hann í ham og Guð blessi þig. Fótbolti er skemmtun og eitt af því sem ég myndi borga mig inn á til að horfa á er ungstirnið Sölvi Snær [Guðbjargarson]. Ég set hann sem svona X-faktor í liðinu. Hann er frábær í fótbolta og mjög efnilegur.“

Við fengum Alex til að ræða aðeins betur um Óla Jó og hvernig áhrif hans áherslur hafa haft á Stjörnuliðið.

Óli býr sjálfur yfir gríðarlegri reynslu og var til að mynda landsliðsþjálfari Íslands frá 2007 til 2011 áður en hann tók við Haukum, Val og færði sig svo í Stjörnuna.

Alex er gríðarlega ánægður með komu hans í liðið og hafði lítið annað en frábæra hluti að

segja um hans áhrif hingað til.

„Óli Jó er mjög skemmtilegur og líflegur karakter. Það sem Óli Jó er frábær í eru þessi maður-á-mann samskipti við leikmenn. Það sem ég hef kynnst af honum er að hann veit nákvæmlega hvað hann vill frá leikmönnum.“

Ef hann fengi að ráða væri hann á æfingasvæðinu alla daga, alltaf! Hann algjörlega lifir fyrir þetta og er mjög líflegur og frábær á æfingum.“

Þrátt fyrir ungan aldur á Alex að baki þrjá landsleiki fyrir Ísland. Hans síðasti landsleikur var gegn El Salvador þann 19. janúar síðastliðinn. Hinir tveir voru gegn Kanada og Eistlandi.

Alex er að sjálfsögðu stoltur af þessum leikjum hingað til og stefnir hærra og vill meira í framtíðinni.

„Ég er mjög þakklátur fyrir þessa þrjá landsleiki sem ég hef spilað og ég hef lært fullt í þeim ferðum. Það er reynsla sem mun pottþétt skila sér.“

Það sem peppar mig oft og hefur gert í gegnum tíðina hjá Stjörnuni er að horfa í kringum mig og sjá þá sem ég er með. Þá hugsa ég bara að á góðum degi tekur enginn neitt af okkur.

Auðvitað er það gott fyrir sjálfstraustið og móttíverandi að maður sé inni í myndinni og að það sé kannski ekki allveg fjarlægur draumur að það geti verið framtíðin.“ ■

MATTI SMIÐUR

691 0621

UTANDYRA


- SKJÓLVEGGIR
- SÓLPALLAR
- HEITIR POTTAR
- SÓLSKÁLAR
- GESTAHÚS
- ÚTIGEYMSLUR
- ÞÖKULAGNIR
- HELLULAGNIR
- HLAÐNIR VEGGIR
- STEINBEKKIR
- ÞAKKANTAR
- GLUGGAR
- STEYPTIR VEGGIR

INNANDYRA

- NIÐURTEKIN LOFT
- INNRETTINGAR
- INNIHURÐIR
- PARKET
- MILLIVEGGIR

ÞAÐ SKAL VANDA SEM LENGI

Á AÐ STANDA



LANDSBYGGÐIN ER ENGIN FYRIRSTAÐA

Matthías Pétursson er smiður með 30 ára starfsreynslu. Matthías hefur unnið sem smiður í meira en 30 ár og sérsvið hans er pallasmíði, garðar og hellulagnir. Verkefni hans hafa einnig verið sumarhús, einkalóðir og lóðir í nýbyggingum og eldra húsnæði. Þá hefur Matti, eins og hann er oftast kallaður, einnig séð um nýja garða og endurgerð eldri garða.



SAND KORN



Ekkert tekjubleað í ár

Álagningarskrá einstaklinga verður ekki lögð fram á árinu 2020. Ástæðuna má rekja til bráðabirgða lagaheimildar sökum faraldurs COVID-19. Ákvæðið var sett að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar sem segir:

„Við framlagningu álagningarskrár skattaðila gerir fjöldi manns sér ferð í afgreiðslur Skattsins um land allt. Mikilvægt væri að tryggja að embættið geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar en þó tekið tillit til reglna um takmarkanir á samkomum sem og gætt að almennum sóttvarnarsjónarmiðum.“

Það er á grundvelli upplýsinga úr álagningarskrá sem tekjubleað DV er unnið. Því er ljóst að ekkert verður af útgáfu tekjubleaðsins þetta árið.


Samkvæmt upplýsingum á vef Ríkisskattstjóra verða skattskrár lagðar fram í janúar 2021, en framkvæmd þess verður auglýst síðar.

Forsetaframbjóðandi á lausu

Guðmundur Franklín Jónsson forsetaframbjóðandi er fráskilinn og ókvæntur. Hann segist ekki útiloka það að verða ástfanginn á ný. En hvaða eiginleika þarf möguleg framtíðar forsetafrú að hafa?

„Hún þarf að hafa húnur og heiðarleika. Jarðbundin kona sem er til í ævintýri.“

Guðmundur Franklín ætlar þó ekki að nota stefnumótáforrit í leit að ástinni. „Skráði mig fyrir mörgum árum á Tinder og var fljótur út aftur, aldrei lent í öðru eins,“ segir Guðmundur. ■



Til í slaginn?

LOKI

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195

Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði

kolibri[®]

Kolibri trönur í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði

AMSTERDAM
dream • create

van Gogh
The Golden Brand

REMBRANDT
The Professional Choice

Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17